REGLUGERÐ

um vegabréfsáritanir.

I. HLUTI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Með reglugerð þessari er kveðið á um verklagsreglur og skilyrði fyrir útgáfu vegabréfsáritana af Íslands hálfu til gegnumferðar um eða fyrirhugaðrar dvalar, einnar eða fleiri, á yfirráðasvæði aðildarríkja Schengen-samstarfsins í allt að 90 daga á hverju 180 daga tímabili, sem og heimild Útlendingastofnunar til útgáfu vegabréfsáritana til lengri dvalar á Íslandi á grundvelli dvalar- og/eða atvinnuleyfis.

Ákvæði þessarar reglugerðar gilda um alla ríkisborgara þriðju ríkja, sem verða að hafa vegabréfsáritun til að fara yfir ytri landamæri aðildarríkjanna, sbr. viðauka 8 og 9 þar sem talin eru upp þriðju ríki hverra ríkisborgarar verða að hafa vegabréfsáritun til að fara yfir ytri landamæri aðildarríkjanna og þriðju ríki hverra ríkisborgarar eru undanþegnir þeirri kvöð, sbr. þó rétt ríkisborgara þriðju ríkja sem eru aðstandendur íslenskra ríkisborgara eða EES- eða EFTA-útlendinga, til frjálsrar farar og dvalarrétt ríkisborgara þriðju ríkja í gistiríki, sem eru aðstandendur breskra ríkisborgara sem njóta réttinda samkvæmt samningnum um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu (útgöngusamningnum milli ESB og Bretlands).

Í þessari reglugerð eru einnig talin upp þau þriðju ríki hverra ríkisborgarar falla undir kvöð um vegabréfsáritun til gegnumferðar um flughöfn, samkvæmt undantekningu frá meginreglunni um frjálsa gegnumför, sem mælt er fyrir um í 9. viðauka við Chicago-samþykktina um alþjóðaflugmál, auk þess sem settar eru verklagsreglur og skilyrði fyrir útgáfu vegabréfsáritana til gegnumferðar um alþjóðleg gegnumferðarsvæði flughafna í aðildarríkjunum.

2. gr.

Skilgreiningar.

Iacute; þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Aðildarríki:* ríki sem tekur fullan þátt í Schengen-samstarfinu.
2. *Ríkisborgari þriðja ríkis:* útlendingur sem er ekki íslenskur ríkisborgari eða borgari ríkis sem tilheyrir Evrópska efnahagssvæðinu eða fellur undir stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu.
3. *Vegabréfsáritun:*
    1. *heimild gefin út af íslenskum stjórnvöldum, eða fyrir þeirra hönd, til:*
        a. *gegnumferðar um eða fyrirhugaðrar dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna í 90 daga eða skemur á 180 daga tímabili frá fyrsta komudegi til yfirráðasvæðis aðildarríkjanna,*
        b. *gegnumferðar um alþjóðleg gegnumferðarsvæði flughafna í aðildarríkjunum.*
    2. *heimild gefin út af íslenskum stjórnvöldum eða fyrir þeirra hönd, í allt að 90 daga til dvalar, á grundvelli dvalar- og/eða atvinnuleyfis, sem liggur fyrir þegar vegabréfsáritunin er veitt.*
4. *Samræmd vegabréfsáritun:* vegabréfsáritun sem gildir á yfirráðasvæði allra aðildarríkjanna.
5. *Vegabréfsáritun með takmarkað gildissvæði:* vegabréfsáritun sem gildir á yfirráðasvæði eins eða fleiri aðildarríkja en ekki allra aðildarríkjanna.
6. *Vegabréfsáritun til gegnumferðar um flughöfn:* vegabréfsáritun til gegnumferðar um alþjóðleg gegnumferðarsvæði einnar eða fleiri flughafna í aðildarríkjunum.
7. *Vegabréfsáritunarmiði*: fyrirmyndin að samræmdum vegabréfsáritunum sem komið var á með reglugerð (EB) nr. 1683/95 um fyrirmynd að samræmdum vegabréfsáritunum.
8. *Viðurkennd ferðaskilríki*: ferðaskilríki sem viðurkennd eru af einu eða fleiri aðildarríkjum til ferðar yfir ytri landamæri til að festa vegabréfsáritanir í, til samræmis við ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1105/2011.

9. *Laust blað til að festa vegabréfsáritun á:* fyrirmynd að samræmdu eyðublaði til að festa vegabréfsáritun á, sem aðildarríki veita einstaklingum með ferðaskilríki sem eru ekki viðurkennd í aðildarríkinu sem gefur út eyðublaðið, eins og það er skilgreint í reglugerð ráðsins (EB) nr. 333/2002 frá 18. febrúar 2002 um fyrirmynd að samræmdu eyðublaði fyrir festingu vegabréfsáritunar sem aðildarríki veita einstaklingum með ferðaskilríki sem eru ekki viðurkennd í aðildarríkinu sem gefur út eyðublaðið.
10. *Sendiskrifstofa:* sendiráð eða alræðisskrifstofa aðildarríkis, sem hefur heimild til að gefa út vegabréfsáritanir og sem sendiræðiserindreki veitir forstöðu, eins og skilgreint er í Vínarsamningnum um ræðissamband frá 24. apríl 1963.
11. *Umsókn:* umsókn um vegabréfsáritun.
12. *Fyrirtæki sem starfar sem milliliður:* einkarekin umsýsluskrifstofa, flutningamiðlun eða ferðaskrifstofa (ferðaskipuleggjandi eða ferðasmásali).
13. *Fyrirsvarsríki:* aðildarríki sem falið hefur verið að fara með fyrirsvar í samræmi við 8. gr.
14. *Sjómaður:* hver sá sem vinnur, er ráðinn til starfa eða innir af hendi starf af hvaða tagi sem er um borð í skipi í siglingum á sjó eða á alþjóðlegu innsævi.
15. *Rafræn undirskrift:* gögn á rafrænu formi sem eru tengd við eða rökrænt vensluð við önnur gögn á rafrænu formi og undirritandi notar til að undirrita.

II. HLUTI
Vegabréfsáritun til gegnumferðar um flughöfn.

3. gr.
Ríkisborgarar þriðju ríkja sem falla undir kvöð um vegabréfsáritun til gegnumferðar um flughöfn.

Ríkisborgurum þeirra þriðju ríkja sem eru tilgreind í viðauka 4 er skylt að hafa vegabréfsáritun til gegnumferðar um flughöfn þegar þeir fara um alþjóðleg gegnumferðarsvæði íslenskra flughafna.

Í bráðatilvikum, þegar um er að ræða stórfellt innstreymi ólöglegra innflytjenda, er heimilt að krefjast þess að ríkisborgarar annarra þriðju ríkja en þeirra, sem um getur í 1. mgr., hafi vegabréfs-áritun til gegnumferðar um flughöfn þegar þeir fara um alþjóðleg gegnumferðarsvæði íslenskra flughafna.

Eftirtaldir eru undanþegnir kvöðinni um vegabréfsáritun til gegnumferðar um flughöfn, sem um getur í 1. og 2. mgr.:

a. handhafar gildrar samræmdrar vegabréfsáritunar, landsbundinnar vegabréfsáritunar til langrar dvalar eða dvalarleyfis sem aðildarríki hefur gefið út,
b. ríkisborgarar þriðju ríkja sem eru handhafar gilds dvalarleyfis, sem gefið er út af aðildarríki sem tekur ekki þátt í samþykkt reglugerðar (ESB) nr. 810/2009 um vegabréfsáritanir eða af aðildarríki sem beitir Schengen-réttarreglunum ekki að fullu enn sem komið er, eða ríkisborgarar þriðju ríkja sem eru handhafar eins af þeim gildu dvalarleyfum sem tilgreind eru í skránni í 5. viðauka og gefin eru út af Andorra, Kanada, Japan, San Marínó, Bretlandi eða Bandaríkjunum, sem ábyrgjast skilyrðislausa endurviðtöku viðkomandi, eða handhafar gilds dvalarleyfis í einu eða fleiri löndum og yfirráðasvæðum Hollands (Arúba, Curaçao, Sankti Martin, Bonaire, Sankti Estatíusey og Saba),
c. ríkisborgarar þriðju ríkja sem eru handhafar gildrar vegabréfsáritunar til aðildarríkis, sem tekur ekki þátt í samþykkt reglugerðar (ESB) nr. 1155/2019 um vegabréfsáritanir, eða aðildarríkis sem beitir Schengen-réttarreglunum ekki að fullu enn sem komið er, eða til Kanada, Japans eða Bandaríkjanna, eða handhafar gildrar vegabréfsáritunar til eins eða fleiri af löndum Hollands (Arúba, Curaçao, Sankti Martin, Bonaire, Sankti Estatíuseyjar og Saba) þegar þeir ferðast til útgáfulandsins eða einhvers annars þriðja ríkis eða þegar þeir eru á heimleið frá útgáfulandinu eftir að hafa notað vegabréfsáritunina,
d. aðstandendur íslenskra ríkisborgara, EES- eða EFTA-útlendinga og aðstandendur breskra ríkisborgara sem njóta réttinda samkvæmt útgöngusamningnum milli ESB og Bretlands, eins og um getur í 2. mgr. 1. gr.
e. handhafar diplómatískra vegabréfa,
f. flugliðar sem eru ríkisborgarar samningsaðila að Chicago-samþykktinni um alþjóðlegt almenningsflug.

III. HLUTI
Verklagsreglur og skilyrði fyrir útgáfu vegabréfsáritana.

I. KAFLI
Yfirvöld sem koma að umsóknarferlinu.

4. gr.

Lögbær yfirvöld sem koma að umsóknarferlinu.

Utanríkisráðuneytið og sendiskrifstofur Íslands og annarra aðildarríkja, í samræmi við ákvörðun utanríkisráðuneytisins eða samninga þess við önnur aðildarríki um fyrirsvar á hverjum tíma, sbr. 8. gr. taka við og vinna umsóknir og veita vegabréfsáritanir. Að öðru leyti tekur Útlendingastofnun ákvörðun um umsóknir.

Utanríkisráðuneytið og Útlendingastofnun skulu tryggja að starfsmenn þess búi yfir nægri þekkingu á staðháttum landsins þar sem umsóknin er lögð fram til að geta metið áhættu vegna straums innflytjenda og öryggismála, auk nægrar kunnáttu í tungumálinu til að geta greint skjöl, og að sendiskrifstofurnar taki þátt, ef nauðsyn krefur, í því að annast viðbótarkannanir og viðtöl.

Þrátt fyrir 1. mgr. getur meðferð umsókna og ákvarðanataka varðandi þær farið fram á ytri landamærum hjá yfirvöldum sem bera ábyrgð á eftirliti með einstaklingum í samræmi við 36. og 37. gr.

Útlendingastofnun er jafnframt heimilt að veita eða fela fyrirsvarsríki að veita vegabréfsáritun í allt að 90 daga til dvalar á grundvelli dvalar- og/eða atvinnuleyfis, sem liggur fyrir þegar vegabréfsáritunin er veitt og skal þá beita ákvæðum reglugerðar þessarar eftir því sem við á. Slík vegabréfsáritun verður veitt fyrir eina komu og heimilar hún för innan Schengen-svæðisins nema annað sé tekið fram í vegabréfsárituninni sjálfri.

Aðildarríki getur farið fram á að annað aðildarríki hafi samráð við það eða sendi því tilkynningar í samræmi við 22. og 32. gr.

5. gr.

Meðferð umsóknar og ákvörðun um hana.

Íslensk stjórnvöld eru bær til að annast meðferð umsóknar um samræmda vegabréfsáritun og taka ákvörðun um hana í eftirtöldum tilvikum:

a. ef ferðinni eða ferðunum er eingöngu heitið hingað til lands,
b. ef Ísland telst vera aðalákvörðunarstaður ferðarinnar eða ferðanna, með tilliti til dvalartíma í dögum talið eða tilgangs dvalarinnar, þótt ferðast sé til fleiri en eins ákvörðunarstaðar eða um er að ræða fleiri en eina ferð innan tveggja mánaða tímabils eða
c. ef Ísland er það aðildarríki þar sem umsækjandi hyggst fara yfir ytri landamæri til að komast inn á yfirráðasvæði aðildarríkjanna og ekki er unnt að ákvarða aðalákvörðunarstað.

Íslensk stjórnvöld eru bær til að annast meðferð umsóknar um samræmda vegabréfsáritun til gegnumferðar og taka ákvörðun um hana ef:

a. einungis er um að ræða gegnumferð um Ísland, eða
b. umsækjandi hyggst fara yfir ytri landamæri Íslands til þess að hefja gegnumferð um fleiri en eitt aðildarríki.

Íslensk stjórnvöld eru bær til að annast meðferð umsóknar um vegabréfsáritun til gegnumferðar um flughöfn og taka ákvörðun um hana ef:

a. einungis er um að ræða gegnumferð um íslenska flughöfn, eða
b. íslensk flughöfn er fyrsta flughöfnin, sem farið er í gegnum, ef um er að ræða gegnumferð um tvær eða fleiri flughafnir aðildarríkjanna.

Íslensk stjórnvöld skulu í samstarfi við önnur aðildarríki hafa með sér samstarf til að koma í veg fyrir aðstæður þar sem ekki er hægt að taka umsókn til meðferðar og taka ákvörðun um hana vegna þess að íslensk stjórnvöld hafa hvorki viðveru né fyrirsvar í þriðja ríkinu þar sem umsækjandi leggur fram umsókn í samræmi við 6. gr.

6. gr.

Lögsaga sendiskrifstofa.

Séu íslensk stjórnvöld bær til þess að taka umsókn til meðferðar og ákvörðunar skal íslensk sendiskrifstofa sem staðsett er eða er með landið þar sem umsækjandi hefur löglega búsetu, í umdæmi sínu, taka umsókn til meðferðar og taka ákvörðun um hana, nema öðru aðildarríki hafi verið falið fyrirsvar í samræmi við 8. gr.

Hið sama gildir um umsókn ríkisborgara þriðja ríkis, sem dvelur löglega þar sem íslensk sendiskrifstofa, sem annast vegabréfsáritanaútgáfu, er staðsett en hefur ekki búsetu þar, ef viðkomandi getur fært fullnægjandi rök fyrir því að leggja umsóknina fram hjá þeirri sendiskrifstofu.

7. gr.

Aðili sem er bær til að gefa út vegabréfsáritanir til ríkisborgara þriðju ríkja sem dvelja löglega á yfirráðasvæði aðildarríkis.

Ríkisborgarar þriðju ríkja, sem dvelja löglega á yfirráðasvæði aðildarríkis og er skylt að hafa vegabréfsáritun til að koma inn á yfirráðasvæði eins eða fleiri aðildarríkja, skulu sækja um vegabréfsáritun á sendiskrifstofu Íslands, sé Ísland bært til þess að taka umsóknina til meðferðar skv. 5. gr., eða annars aðildarríkis sem falið hefur verið fyrirsvar fyrir Íslands hönd, samkvæmt 1. mgr. 4. gr.

8. gr.

Samkomulag um fyrirsvar.

Utanríkisráðuneytið getur fallist á að veita öðru aðildarríki, sem telst vera lögbært til samræmis við 5. gr., fyrirsvar að því er varðar meðferð umsókna og ákvörðunartöku um þær fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Utanríkisráðuneytinu er einnig heimilt að veita öðru aðildarríki fyrirsvar er takmarkist við viðtöku umsókna og skráningu lífkenna eingöngu.

Þegar um er að ræða takmarkað fyrirsvar, í samræmi við annan málslið 1. mgr., skal við viðtöku gagna og sendingu þeirra til aðildarríkisins, sem nýtur fyrirsvars, fara að viðeigandi persónuverndar- og öryggisreglum.

Utanríkisráðuneytið og aðildarríkið sem nýtur fyrirsvars skulu gera með sér tvíhliða samkomulag sem hefur að geyma eftirfarandi atriði:

a. í því skal tilgreina í hversu langan tíma fyrirsvar skuli veitt, ef um tímabundið fyrirkomulag er að ræða, og verklagsreglur við uppsögn þess,
b. í því má kveða á um að aðildarríkið, sem nýtur fyrirsvars, leggi til húsnæði, starfsfólk og annist greiðslur, einkum ef aðildarríkið sem nýtur fyrirsvars hefur sendiskrifstofu í viðkomandi þriðja ríki.

Hafi íslensk stjórnvöld ekki sendiskrifstofu í þriðja ríki, skal kappkosta að koma á samkomulagi um fyrirsvar við aðildarríki sem hafa sendiskrifstofur í því ríki.

Til að tryggja að umsækjendur þurfi ekki að hafa óhóflega mikið fyrir því að hafa aðgang að sendiskrifstofu vegna lélegra samgangna eða langra vegalengda á tilteknu landsvæði eða í tilteknum heimshluta, skulu íslensk stjórnvöld, sem ekki hafa eigin sendiskrifstofu á því svæði eða í þeim heimshluta, kappkosta að koma á samkomulagi um fyrirsvar við aðildarríki sem hafa sendiskrifstofu þar.

Hafi íslensk stjórnvöld hvorki viðveru né fyrirsvar í þriðja ríki þar sem umsækjandi hyggst leggja fram umsókn skal það leita eftir samstarfi við utanaðkomandi þjónustuaðila í því þriðja ríki, til samræmis við 38. gr.

Veiti sendiskrifstofa Íslands fyrirsvar fyrir annað aðildarríki skal tilkynna bæði sendiskrifstofum annarra aðildarríkja og sendinefnd framkvæmdastjórnarinnar innan viðkomandi lögsögu um samkomulag um fyrirsvar eða uppsögn slíks samkomulags áður en samkomulagið eða uppsögnin tekur gildi.

Ákveði sendiskrifstofa Íslands, þegar hún veitir fyrirsvar fyrir annað aðildarríki, að taka upp samstarf við utanaðkomandi þjónustuaðila, í samræmi við 43. gr. reglugerðar (EB) nr. 810/2009, eða viðurkennt fyrirtæki sem starfar sem milliliður, eins og kveðið er á um í 45. gr. þeirrar relugerðar, skal slíkt samstarf einnig taka til umsókna sem heyra undir samkomulagið um fyrirsvar. Miðlægum yfirvöldum aðildarríkisins, sem nýtur fyrirsvars, skal tilkynnt fyrir fram um skilmála slíks samstarfs.

Ef sendiskrifstofa íslenskra stjórnvalda á tilteknum stað verður fyrir langvarandi óviðráðanlegum, tæknilegum atvikum skal fara þess á leit við annað aðildarríki að veita því tímabundið fyrirsvar á þeim stað fyrir alla eða suma hópa umsækjenda.

II. KAFLI

Umsókn.

9. gr.

Hagnýt atriði varðandi framlagningu umsókna.

Ekki má leggja fram umsókn fyrr en sex mánuðum, og í tilviki sjómanna við störf ekki fyrr en níu mánuðum, fyrir upphaf áætlaðrar ferðar og, að jafnaði ekki seinna en 15 almanaksdögum fyrir upphaf áætlaðar ferðar. Í einstökum rökstuddum bráðatilvikum getur sendiskrifstofa eða miðlægu yfirvöldin heimilað að lagðar séu fram umsóknir seinna en 15 almanaksdögum fyrir upphaf áætlaðrar ferðar. Heimilt er að gera kröfu um að umsækjendur panti tíma til að leggja fram umsókn. Tímabókun skal, almennt, veitt innan tveggja vikna frá þeim degi sem hún var pöntuð.

Í bráðatilvikum getur sendiskrifstofa heimilað umsækjendum að leggja fram umsóknir sínar, annaðhvort án þess að mæta í viðtal eða með því að gefa þeim viðtalstíma þegar í stað.

Með fyrirvara um 13. gr. er eftirtöldum heimilt að leggja fram umsóknir:

a. umsækjanda,

b. viðurkenndu fyrirtæki sem starfar sem milliliður,

c. samtökum eða stofnun á sviði faggreina, menningarmála, íþróttamála eða menntamála fyrir hönd félagsmanna sinna.

Umsækjandi skal ekki þurfa að mæta í eigin persónu á fleiri en einn stað til að leggja fram umsókn.

10. gr.

Almennar reglur um framlagningu umsóknar.

Umsækjendur skulu mæta í eigin persónu þegar þeir leggja fram umsókn til að láta taka af sér fingraför í samræmi við 2. og 3. mgr. 13. gr. og b-lið 7. mgr. 13. gr. Með fyrirvara um fyrsta málslið þessarar málsgreinar og 45. gr. reglugerðar (EB) nr. 810/2009 um vegabréfsáritanir, mega umsækjendur leggja fram umsóknir sínar rafrænt, þar sem gefinn er kostur á því. Þegar umsækjandi leggur fram umsókn skal hann:

a. leggja fram umsókn í samræmi við 11. gr.,

b. framvísa ferðaskilríkjum í samræmi við 12. gr.,

c. leggja fram ljósmynd í samræmi við staðla sem settir eru í 13. gr. þessarar reglugerðar,

d. heimila að fingraför hans séu tekin í samræmi við 13. gr., ef við á,

e. greiða gjald fyrir afgreiðslu umsóknar um vegabréfsáritun í samræmi við 16. gr.,

f. leggja fram fylgiskjöl í samræmi við 14. gr. og viðauka 2,

g. leggja fram, þar sem við á, sönnun um viðeigandi og gilda ferðasjúkratryggingu í samræmi við 15. gr.

11. gr.

Umsóknareyðublað.

Sérhver umsækjandi skal leggja fram umsóknareyðublað, sem fylla má út handvirkt eða rafrænt, í samræmi við fyrirmyndina viðauka 1. Undirrita skal umsóknareyðublaðið. Skrifa má undir umsóknareyðublaðið eigin hendi eða undirrita það rafrænt ef rafræn undirskrift er viðurkennd af aðildarríkinu sem er til þess bært að annast meðferð umsóknar og taka ákvörðun um hana. Einstaklingar, sem skráðir eru í ferðaskilríki umsækjanda, skulu leggja fram sérstakt umsóknareyðublað. Börn undir lögaldri skulu leggja fram umsókn með undirritun þess sem fer með varanlega eða tímabundna forsjá þeirra eða lögráðamanns.

Undirriti umsækjandi umsóknareyðublaðið rafrænt skal rafræna undirskriftin vera fullgild rafræn undirskrift., sbr. 12. tölul. 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014. Innihald rafrænnar útgáfu umsóknareyðublaðsins, ef við á, skal vera eins og sett er fram í viðauka 1.

Sendiskrifstofur skulu sjá til þess að umsækjendur geti nálgast umsóknareyðublaðið víða og á auðveldan hátt, án endurgjalds.

Eyðublaðið skal vera til á eftirfarandi tungumálum:

a. íslensku eða opinberu tungumáli eða -málum aðildarríkisins sem veitir fyrirsvar og

b. opinberu tungumáli eða -málum gistilandsins,

Auk tungumálsins eða tungumálanna, sem um getur í a-lið, má eyðublaðið vera á öðru opinberu tungumáli eða tungumálum meginstofnana Sambandsins.

Ef opinbert eða opinber tungumál gistilandsins eru ekki hluti af eyðublaðinu skal láta umsækjendum sérstaklega í té þýðingu yfir á það/þau tungumál.

Sendiskrifstofan skal láta umsækjendur vita hvaða tungumál, eitt eða fleiri, er heimilt að nota til að fylla út umsóknareyðublaðið.

12. gr.

Ferðaskilríki.

Umsækjandi skal framvísa gildum ferðaskilríkjum sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a. þau skulu gilda í a.m.k. þrjá mánuði eftir fyrirhugaðan brottfarardag frá yfirráðasvæði aðildarríkjanna eða, ef um er að ræða nokkrar heimsóknir, eftir síðasta fyrirhugaða brottfarardag frá yfirráðasvæði aðildarríkjanna. Í neyðartilvikum er þó heimilt að falla frá þessu skilyrði,

b. í þeim skulu vera a.m.k. tvær auðar síður,

c. ekki skulu vera liðin fleiri en 10 ár frá útgáfu þeirra.

13. gr.

Lífkenni.

Safna skal lífkennum umsækjanda, þ. á m. ljósmynd og fingraförum af öllum tíu fingrum, í samræmi við verndarráðstafanirnar sem mælt er fyrir um í Evrópuráðssamningi um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins þannig að umsækjandi haldi virðingu sinni þótt erfiðleikar þessu samfara komi upp.

Umsækjanda er skylt að mæta í eigin persónu þegar umsókn er lögð fram í fyrsta sinn. Þá skal eftirfarandi lífkennum umsækjanda safnað:

- ljósmynd, skönnuð eða tekin þegar sótt er um og
- fingraförum allra tíu fingra, tekin af flötum fingrum og safnað á stafrænu formi.

Ef fingraför, sem tekin voru af umsækjanda vegna fyrri umsóknar, voru færð inn í upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir í fyrsta skipti innan við 59 mánuðum áður en ný umsókn er lögð fram, skulu þau afrituð fyrir næstu umsókn. Leiki þó verulegur vafi á því hver umsækjandi er skal sendiskrifstofan taka af honum fingraför innan frestsins sem tilgreindur er í fyrsta málslið. Þegar umsækjandi leggur fram umsókn getur hann enn fremur beðið um að fingraför séu tekin af honum ef ekki er unnt að staðfesta þegar í stað að þau hafi verið tekin innan þess tímabils sem tilgreint er í fyrsta málslið.

Ljósmyndin, sem fest er við hverja umsókn, skal færð inn í upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir. Umsækjanda er ekki skylt að mæta í eigin persónu til þess. Tæknilegar kröfur vegna ljósmyndarinnar skulu vera í samræmi við alþjóðlega staðla eins og segir í 1. hluta skjals 9303 frá Alþjóðaflugmálastofnuninni, 6. útg.

Taka fingrafara skal fara fram í samræmi við staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2006/648/EB frá 22. september 2006 um tækniforskriftir fyrir staðla um lífkennaþætti er tengjast þróun upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir.

Hæft starfsfólk lögbærra yfirvalda, skv. 1., 2. og 3. mgr. 4. gr., sem til þess hefur tilskilda heimild, skal annast söfnun lífkenna. Einnig er heimilt að hæft starfsfólk kjörræðismanns eða utanaðkomandi þjónustuaðila, eins og um getur í 38. gr., sem hefur til þess tilskilda heimild, safni lífkennum undir eftirliti sendiskrifstofa. Ef um einhvern vafa er að ræða skal hlutaðeigandi aðildarríki, eitt eða fleiri, sjá til þess að unnt sé að sannprófa á sendiskrifstofunni fingraför sem hinn utanaðkomandi þjónustuaðili tók.

Eftirtaldir umsækjendur skulu undanþegnir þeirri kvöð að láta taka fingraför sín:

a. börn undir 12 ára aldri,

b. einstaklingar sem ekki er hægt að taka fingraför af vegna líkamlegra orsaka. Ef hægt er að taka fingraför af færri fingrum en tíu skal taka fingraför af eins mörgum fingrum og unnt er. Sé um tímabundið ástand að ræða skal umsækjanda hins vegar skylt að láta taka af sér fingraför við næstu umsókn. Heimilt er að óska eftir nánari skýringu á því hvað valdi þessu tímabundna ástandi,

c. ríkisleiðtogar eða ríkisstjórnarleiðtogar og ráðherrar í ríkisstjórn, ásamt mökum sem fylgja þeim, og fulltrúar í opinberum sendinefndum þeirra þegar um er að ræða opinberar heimsóknir í boði ríkisstjórnar aðildarríkis eða alþjóðastofnunar,

d. þjóðhöfðingjar og aðrir háttsettir meðlimir konungsfjölskyldna, í opinberum heimsóknum í boði ríkisstjórnar aðildarríkis eða alþjóðastofnunar.

Í þeim tilvikum, sem um getur í 7. mgr., skal setja inn færsluna "á ekki við" í upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir.

14. gr.

Fylgiskjöl.

Þegar sótt er um samræmda vegabréfsáritun skal umsækjandi framvísa:

a. skjölum sem gefa til kynna tilgang ferðar,

b. skjölum er varða gistingu eða sönnun á að hann hafi nægt fé til að greiða fyrir gistingu,

c. skjölum sem gefa til kynna að hann hafi nægt fé sér til framfærslu, bæði meðan á fyrirhugaðri dvöl stendur og til þess að snúa aftur til uppruna- eða búsetulands síns eða til gegnumferðar um þriðja ríki, sem víst þykir að honum verði hleypt inn í, eða að hann sé í aðstöðu til að útvega sér slíkt fé á lögmætan hátt í samræmi við e-lið 1. mgr. og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 866/2017 um för yfir landamæri,

d. upplýsingum sem gera kleift að meta ásetning umsækjanda um að fara frá yfirráðasvæði aðildarríkjanna áður en vegabréfsáritunin, sem sótt er um, rennur út.

Þegar sótt er um vegabréfsáritun til gegnumferðar um flughöfn skal umsækjandi framvísa:

a. skjölum varðandi áframhaldandi för til lokaákvörðunarstaðar eftir fyrirhugaða gegnumferð um flughöfn,

b. upplýsingum sem gera kleift að meta ásetning hans um að fara ekki inn á yfirráðasvæði aðildarríkjanna.

Til að kanna hvort skilyrðum sem talin eru upp í 1. og 2. mgr. er fullnægt, er yfirvöldum sem hafa umsókn um vegabréfsáritun til meðferðar heimilt að óska eftir gögnum sem talin eru upp í skrá í viðauka 2, sem eru ekki tæmandi talin. Yfirvaldinu er jafnframt heimilt að óska eftir öðrum gögnum ef þurfa þykir. Heimilt er að krefjast þess að umsækjandi færi sönnur á að einhver ábyrgist framfærslu hans og/eða gistingu hans í heimahúsi með því að fylla út eyðublað þar sem einkum skal koma fram:

a. hvort með því sé ætlað að færa sönnur á að einhver ábyrgist framfærslu viðkomandi eða að hann hafi gistingu í heimahúsi eða hvoru tveggja,

b. hvort sá sem ábyrgist framfærslu viðkomandi eða býður honum sé einstaklingur, fyrirtæki eða stofnun,

c. deili á þeim sem ábyrgist framfærslu viðkomandi eða býður honum og upplýsingar um hvernig unnt er að ná sambandi við hann,

d. kenninafn, eiginnafn, fæðingardagur, fæðingarár, fæðingarstaður og þjóðerni umsækjandans eða umsækjendanna,

e. heimilisfangið þar sem gist er,

f. dvalartími og tilgangur dvalar,

g. ættartengsl við þann sem ábyrgist framfærslu viðkomandi eða býður honum, ef einhver eru,

h. tilskildar upplýsingar skv. 1. mgr. 37. gr. reglugerðar um VIS-upplýsingakerfið (EB) nr. 767/2008.

Auk opinbers tungumáls eða -mála aðildarríkisins skal eyðublaðið vera á a.m.k. einu öðru opinberu tungumáli meginstofnana Evrópusambandsins. Útlendingastofnun skal senda framkvæmdastjórn Evrópusambandsins eintak af eyðublaðinu.

Sendiskrifstofur skulu, innan ramma staðbundins Schengen-samstarfs, meta framkvæmd skilyrðanna sem mælt er fyrir um í 1. mgr., með hliðsjón af aðstæðum á hverjum stað og af áhættu vegna straums innflytjenda og öryggisáhættu.

Sendiskrifstofur eða miðlæg yfirvöld geta veitt undanþágu frá einni eða fleiri kröfum 1. mgr. ef þær þekkja umsækjanda að ráðvendni og áreiðanleika, einkum af löglegri notkun fyrri vegabréfsáritana, og ef enginn vafi leikur á því að hann muni uppfylla kröfur 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 866/2017 um för yfir landamæri, þegar farið er yfir ytri landamæri aðildarríkjanna.

15. gr.

Ferðasjúkratrygging.

Umsækjendur um samræmda vegabréfsáritun til einnar komu eða tveggja skulu sýna fram á að þeir séu handhafar viðeigandi og gildrar ferðasjúkratryggingar til að mæta hvers konar kostnaði sem kann að falla til í tengslum við heimsendingu af læknisfræðilegum ástæðum, brýna læknismeðferð og/eða meðferð á sjúkrahúsi í neyðartilvikum eða við andlát meðan á dvöl þeirra stendur á yfirráðasvæði aðildarríkjanna.

Umsækjendur um vegabréfsáritun sem gildir fyrir margar komur skulu sýna fram á að þeir séu handhafar viðeigandi og gildrar ferðasjúkratryggingar sem tekur til tímabils fyrstu fyrirhugaðrar ferðar þeirra. Að auki skulu slíkir umsækjendur skrifa undir yfirlýsingu, sem er að finna á umsóknareyðublaðinu, um að þeim sé kunnugt um nauðsyn þess að hafa ferðasjúkratryggingu fyrir síðari dvöl, eina eða fleiri.

Tryggingin skal gilda á öllu yfirráðasvæði aðildarríkjanna og taka til alls fyrirhugaðs dvalar- eða gegnumferðartímabils hlutaðeigandi. Lágmarkstryggingavernd skal vera í samræmi við þá tryggingavernd sem krafist er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 810/2009 um Bandalagsreglur um vegabréfsáritanir.

Þegar gefin er út vegabréfsáritun með takmarkað gildissvæði sem gildir fyrir fleiri en eitt aðildarríki skal tryggingaverndin a.m.k. gilda í hlutaðeigandi aðildarríkjum.

Umsækjendur skulu að jafnaði tryggja sig í því ríki þar sem þeir eru búsettir. Ef ekki er unnt að koma því við skulu þeir reyna að fá tryggingu í öðru ríki. Ef annar einstaklingur kaupir tryggingu í nafni umsækjanda gilda skilyrði 3. mgr.

Þegar meta á hvort tryggingavernd er viðunandi skulu sendiskrifstofurnar kanna hvort kröfur á hendur tryggingafélaginu fáist greiddar í aðildarríki.

Heimilt er að líta svo á að kröfunni um tryggingu sé fullnægt ef staðfest hefur verið að starf umsækjandans veiti honum næga tryggingavernd. Tilteknar starfsstéttir geta verið undanþegnar því að þurfa að leggja fram sönnun fyrir ferðasjúkratryggingu, s.s. sjómenn, sem þegar njóta ferðasjúkratryggingar í tengslum við störf sín.

Handhafar diplómatískra vegabréfa skulu njóta undanþágu frá kröfunni um ferðasjúkratryggingu.

16. gr.

Gjald fyrir vegabréfsáritun.

Umsækjendur skulu greiða gjald fyrir afgreiðslu umsóknar um vegabréfsáritun, sbr. 5.-9. tölul. 14. gr. laga nr. 88/1991 um aukatekjur ríkissjóðs.

Börn á aldrinum sex til tólf ára skulu greiða lægra gjald en þeir sem eldri eru.

Umsækjendur, sem falla undir einn af eftirfarandi flokkum, skulu undanþegnir gjaldi fyrir vegabréfsáritanir:

a. börn undir sex ára aldri,
b. nemendur, háskólanemar, háskólanemar í framhaldsnámi og kennarar til fylgdar, sem fara til dvalar í því skyni að stunda nám eða sækja sér starfsþjálfun,
c. rannsóknarmenn, eins og þeir eru skilgreindir í 2. lið 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/801 sem ferðast í því skyni að stunda vísindarannsóknir eða taka þátt í málstofu eða ráðstefnu á sviði vísinda og
d. fulltrúar stofnana sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni, 25 ára eða yngri, sem taka þátt í málstofum, ráðstefnum, íþrótta-, menningar- eða fræðsluviðburðum sem eru skipulagðir af stofnunum, sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni.

Heimilt er að undanþiggja handhafa diplómatískra vegabréfa og þjónustuvegabréfa gjaldi fyrir afgreiðslu umsóknar um vegabréfsáritun.

Heimilt er að falla frá gjaldi fyrir vegabréfsáritanir, eða lækka í einstökum tilvikum, þegar sú ráðstöfun miðar að því að efla veg menningar eða íþrótta, þjónar hagsmunum sem varða utanríkis- eða þróunarmál eða öðrum mikilvægum almannahagsmunum, af mannúðarástæðum eða vegna alþjóðlegra skuldbindinga.

Gjald fyrir vegabréfsáritanir er óendurkræft, nema í þeim tilvikum sem um getur í 2. mgr. 18. gr. og 4. mgr. 19. gr.

Umsækjandi skal fá kvittun fyrir greiðslu gjalds fyrir vegabréfsáritun.

Útlendingastofnun er heimilt að setja nánari reglur um undanþágur samkvæmt 4. og 5. mgr.

17. gr.

Þjónustugjald.

Utanaðkomandi þjónustuaðila, sem um getur í 38. gr., er heimilt að taka þjónustugjald.

Þjónustugjaldið skal ekki vera hærra en hálft gjald fyrir vegabréfsáritun, án tillits til hugsanlegrar lækkunar á eða undanþágu frá gjaldi fyrir vegabréfsáritun sem um getur í 2., 3., 4., og 5. mgr. 16. gr.

Þrátt fyrir 2. mgr. skal þjónustugjaldið að jafnaði ekki vera hærra en 80 evrur í þriðju ríkjum þar sem Ísland hefur ekki sendiskrifstofu sem tekur á móti umsóknum og annað aðildarríki fer ekki með fyrirsvar fyrir landið.

Við sérstakar aðstæður, þegar fjárhæðin sem um getur í 3. mgr. nægir ekki til að veita fulla þjónustu, er heimilt að taka hærra þjónustugjald sem skal þó ekki vera hærra en 120 evrur.

Umsækjendum skal jafnframt gefast kostur á að leggja fram umsóknir beint hjá sendiskrifstofu eða hjá sendiskrifstofu aðildarríkis sem utanríkisráðuneytið hefur gert samkomulag um fyrirsvar við í samræmi við 8. gr.

III. KAFLI

Meðferð umsóknar og ákvörðun um umsókn.

18. gr.

Gengið úr skugga um hvaða sendiskrifstofa er þar til bær sendiskrifstofa.

Þegar umsókn hefur verið lögð fram skal sendiskrifstofan ganga úr skugga um hvort hún sé til þess bær að taka hana til meðferðar og taka ákvörðun um hana í samræmi við 5. og 6. gr.

Sé sendiskrifstofan ekki til þess bær skal hún, án tafar vísa umsókn frá og endursenda umsóknina og hver þau gögn sem umsækjandi hefur lagt fram, endurgreiða honum umsóknargjaldið og tilkynna honum hvaða sendiskrifstofa sé bær til að taka hana til meðferðar.

19. gr.

Kannað hvort umsóknir séu tækar.

Þar til bær sendiskrifstofa eða miðlæg yfirvöld skulu kanna:

- hvort umsóknin var lögð fram innan þess tímabils sem um getur í 1. mgr. 9. gr.,
- hvort umsóknin hefur að geyma þau atriði sem um getur í a- til c-lið 1. mgr. 10. gr.,
- hvort lífkennum umsækjanda hefur verið safnað og
- hvort gjald fyrir afgreiðslu vegabréfsáritunar hefur verið greitt.

Séu skilyrði 1. mgr. uppfyllt telst umsóknin vera tæk og skal sendiskrifstofan eða miðlægu yfirvöldin þá taka umsóknina til meðferðar og fylgja verklagsreglum sem fram koma í 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008 um VIS-upplýsingakerfið.

Gögn skulu eingöngu færð inn í VIS-upplýsingakerfið af starfsmönnum með tilskilda heimild skv. 1. mgr. 6. gr, 7. gr. og 5. og 6. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008 um VIS-upplýsingakerfið.

Teljist skilyrði 1. mgr. ekki uppfyllt telst umsóknin ekki tæk og skal þá sendiskrifstofan eða miðlægu yfirvöldin tafarlaust:

- vísa umsókn frá,
- endursenda umsóknina og hver þau gögn sem umsækjandi hefur lagt fram,
- eyða lífkennum sem safnað hefur verið,
- endurgreiða umsóknargjaldið.

Þrátt fyrir að umsókn uppfylli ekki skilyrðin, sem um getur í 1. mgr., getur hún talist tæk af mannúðarástæðum, af ástæðum er varða þjóðarhagsmuni eða vegna alþjóðlegra skuldbindinga.

20. gr.

Stimpill sem gefur til kynna að umsókn sé tæk.

Ef umsókn telst tæk skal þar til bær sendiskrifstofa stimpla ferðaskilríki umsækjandans. Stimpillinn skal vera í samræmi við fyrirmyndina í viðauka 3 og hann skal nota í samræmi við ákvæði þess viðauka.

Ekki skal stimpla í diplómatísk vegabréf, þjónustu-/embættisvegabréf og sérstök vegabréf.

21. gr.

Könnun á því hvort komuskilyrði séu uppfyllt og áhættumat.

Við meðferð umsóknar um samræmda vegabréfsáritun skal kanna hvort umsækjandi uppfylli skilyrðin fyrir komu, sem sett eru fram í a-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 866/2017 um för yfir landamæri, með sérstakri áherslu á mat á því hvort hætta sé á að umsækjandinn muni gerast ólöglegur innflytjandi eða hvort hann teljist vera ógnun við öryggi aðildarríkjanna og hvort hætta sé á að hann dvelji lengur á yfirráðasvæði aðildarríkjanna en honum er heimilt.

Í tengslum við sérhverja umsókn skal fletta upp í:

a. upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir og

b. komu- og brottfararkerfinu.

Þegar kannað er hvort umsækjandi uppfyllir komuskilyrði skal sendiskrifstofan eða miðlæg yfirvöld sannprófa:

a. að ferðaskilríkin, sem framvísað er, séu ekki grunnfölsuð, breytifölsuð eða fölsuð á annan hátt,

b. rök umsækjanda fyrir tilgangi og skilyrðum fyrirhugaðrar dvalar, og að hann hafi nægt fé sér til framfærslu, bæði meðan á fyrirhugaðri dvöl stendur og til þess að snúa aftur til uppruna- eða búsetulands síns eða til gegnumferðar um þriðja ríki, sem víst þykir að honum verði hleypt inn í, eða að hann sé í aðstöðu til að útvega sér slíkt fé á lögmætan hátt,

c. að umsækjandi sé ekki á skrá í Schengen-upplýsingakerfinu (SIS) yfir óæskilega einstaklinga sem synja á um komu,

d. að umsækjandi teljist ekki vera ógnun við allsherjarreglu, þjóðaröryggi eða almannaheilsu, eins og það er skilgreint í 21. tölul. 3. gr. reglugerðar nr. 866/2017 um för yfir landamæri, eða við alþjóðasamskipti við eitthvert aðildarríkjanna, einkum ef hann er ekki á skrá í landsbundnum gagnagrunnum aðildarríkjanna yfir óæskilega einstaklinga sem synja á um komu af sömu ástæðum,

e. að umsækjandi hafi fullnægjandi og gilda ferðasjúkratryggingu, þar sem við á, sem tekur til tímabils fyrirhugaðrar dvalar eða, ef sótt er um vegabréfsáritun sem gildir fyrir margar komur, til tímabils fyrstu fyrirhugaðrar ferðar.

Þar sem við á, skal kanna lengd fyrri og fyrirhugaðra dvalartímabila til að sannprófa að umsækjandi hafi ekki farið yfir hámarkslengd heimilaðrar dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, án tillits til dvalartímabila sem kann að hafa verið heimiluð samkvæmt landsbundinni vegabréfsáritun til langrar dvalar eða dvalarleyfi sem annað aðildarríki gefur út.

Framfærslukostnaður vegna fyrirhugaðrar dvalar skal metinn í samræmi við lengd og tilgang ferðarinnar og með tilvísun til meðalverðs í hlutaðeigandi aðildarríki eða -ríkjum, miðað við ódýra gistingu og fæði, margfaldað með fjölda daga sem dvalist er, á grundvelli viðmiðunarfjárhæða sem aðildarríkin ákveða í samræmi við c-lið 1. mgr. 39. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/399 um för yfir landamæri. Sönnun fyrir því að einhver ábyrgist framfærslu umsækjanda og/eða gistingu hans í heimahúsi getur einnig talist sönnun á nægu framfærslufé við heildarmat á umsókn um vegabréfsáritun.

Við meðferð umsóknar um vegabréfsáritun til gegnumferðar um flughöfn skal einkum sannprófa:

a. að ferðaskilríkin, sem framvísað er, séu ekki grunnfölsuð, breytifölsuð eða fölsuð á annan hátt,

b. brottfarar- og ákvörðunarstað hlutaðeigandi ríkisborgara þriðja ríkis og hvort gegnumferðin um flughöfn samræmist fyrirhugaðri ferðaleið,

c. sönnun um áframhaldandi för til lokaákvörðunarstaðar.

Meðferð umsóknar skal einkum byggjast á að skjöl, sem lögð eru fram, séu bæði ósvikin og áreiðanleg og á sannleiksgildi og áreiðanleika framburðar umsækjanda.

Meðan á meðferð umsóknar stendur er sendiskrifstofum eða miðlægu yfirvöldunum heimilt, þegar ástæða þykir til, að taka viðtal við umsækjanda og fara fram á að hann leggi fram viðbótargögn.

Þótt áður hafi verið synjað um vegabréfsáritun skal það ekki leiða til þess að nýrri umsókn verði synjað sjálfkrafa. Ný umsókn skal metin á grundvelli allra fyrirliggjandi upplýsinga.

22. gr.

Fyrirframsamráð við miðlæg stjórnvöld annarra aðildarríkja.

Á grundvelli ógnar við allsherjarreglu, þjóðaröryggi, alþjóðasamskipti eða lýðheilsu getur aðildarríki farið fram á að miðlæg yfirvöld annarra aðildarríkja hafi samráð við miðlæg yfirvöld þess við meðferð umsókna frá ríkisborgurum tiltekinna þriðju ríkja eða tiltekinna hópa þeirra. Slíkt samráð á ekki við þegar um er að ræða umsóknir um vegabréfsáritun til gegnumferðar um flughöfn. Útlendingastofnun er miðlægt stjórnvald og fer með samráð við önnur aðildarríki á grundvelli þessarar greinar.

Miðlægu yfirvöldin, sem samráð er haft við, skulu gefa endanlegt svar eins fljótt og hægt er og eigi síðar en sjö almanaksdögum eftir að samráðs er leitað. Berist svar ekki innan þess frests skal litið svo á að þau mæli ekki gegn því að vegabréfsáritun verði gefin út.

23. gr.

Ákvörðun um umsókn.

Taka skal ákvörðun um umsókn innan 15 almanaksdaga frá þeim degi sem umsókn, sem telst tæk skv. 19. gr., er lögð fram.

Í einstaka tilvikum er heimilt að lengja það tímabil í allt að 45 almanaksdaga að hámarki, einkum þegar frekari athugunar á umsókn er þörf. Í einstökum rökstuddum bráðatilvikum er heimilt að taka ákvörðun um umsóknir tafarlaust.

Hafi umsókn ekki verið dregin til baka skal tekin ákvörðun um að:

a. gefa út samræmda vegabréfsáritun í samræmi við 24. gr.,

b. gefa út vegabréfsáritun með takmarkað gildissvæði í samræmi við 25. gr.,

c. gefa út vegabréfsáritun til gegnumferðar um flughöfn í samræmi við 27. gr. eða

d. synja um vegabréfsáritun í samræmi við 33. gr.

Þótt ekki sé hægt að taka fingraför af umsækjanda af líkamlegum orsökum, í samræmi við b-lið 7. mgr. 13. gr., hefur það ekki áhrif á hvort vegabréfsáritun er veitt eða synjað.

IV. KAFLI

Útgáfa vegabréfsáritunar.

24. gr.

Útgáfa samræmdrar vegabréfsáritunar.

Gildistími vegabréfsáritunar og lengd heimilaðrar dvalar skal byggjast á meðferð umsóknar sem fram fer í samræmi við 21. gr.

Heimilt er að gefa út vegabréfsáritun fyrir eina eða fleiri komur. Gildistími skal ekki vera lengri en fimm ár.

Með fyrirvara um a-lið 12. gr. skulu 15 dagar bætast aukalega við gildistíma vegabréfsáritunar til einnar komu.

Heimilt er að veita ekki slíkan 15 daga viðbótartíma með vísan til allsherjarreglu eða vegna alþjóðasamskipta einhverra aðildarríkjanna.

Að því tilskildu að umsækjandi uppfylli skilyrði fyrir komu til landsins sem sett eru fram í a-, c-d- og e-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar um för yfir landamæri nr. 866/2017, skulu vegabréfsáritanir fyrir margar komur með langan gildistíma gefnar út með eftirfarandi gildistíma nema gildistími vegabréfsáritunarinnar yrði við það lengri en gildistími ferðaskilríkjanna:

a. með eins árs gildistíma, að því tilskildu að umsækjandinn hafi fengið og notað löglega þrjár vegabréfsáritanir á síðustu tveimur árum,

b. með tveggja ára gildistíma, að því tilskildu að umsækjandinn hafi fengið og notað löglega fyrri vegabréfsáritun sem gildir fyrir margar komur með eins árs gildistíma á síðustu tveimur árum,

c. með fimm ára gildistíma, að því tilskildu að umsækjandinn hafi fengið eða notað löglega fyrri vegabréfsáritun sem gildir fyrir margar komur með tveggja ára gildistíma á síðustu þremur árum.

Ekki skal taka tillit til vegabréfsáritana til gegnumferðar um flughöfn og vegabréfsáritana með takmarkað gildissvæði, sem gefnar eru út í samræmi við 1. mgr. 25. gr., við útgáfu vegabréfsáritana sem gilda fyrir margar komur.

Þrátt fyrir 5. mgr. er í einstökum tilvikum heimilt að stytta gildistíma vegabréfsáritunar, ef rökstudd ástæða er til að draga í efa að skilyrði fyrir komu til landsins verði uppfyllt á öllu tímabilinu. Þá skulu sendiskrifstofur, innan ramma staðbundins Schengen-samstarfs, meta hvort aðlaga þurfi reglurnar um útgáfu vegabréfsáritana fyrir margar komur, sem settar eru fram í 5. mgr., með hliðsjón af aðstæðum á hverjum stað og af áhættu vegna innflytjendastraums og öryggisáhættu, með það að sjónarmiði að samþykkja hagstæðari eða strangari reglur.

Með fyrirvara um 5. mgr. má gefa út vegabréfsáritun fyrir margar komur sem gildir í allt að fimm ár til umsækjenda sem sýna fram á þörf sína fyrir tíðar og reglulegar ferðir eða rökstyðja þá fyrirætlun sína að ferðast oft eða reglulega, að því tilskildu að þeir geti sýnt fram á ráðvendni sína og áreiðanleika, einkum löglega notkun fyrri vegabréfsáritana, fjárhagsstöðu sína í upprunalandinu og að það sé einlægur ásetningur þeirra að fara frá yfirráðasvæði aðildarríkjanna áður en vegabréfsáritunin, sem þeir hafa sótt um, rennur út.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um útgáfu vegabréfsáritunar skulu nauðsynlegar upplýsingar skráðar inn í upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir til samræmis við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) 767/2008 um VIS-upplýsingakerfið.

25. gr.

Útgáfa vegabréfsáritunar með takmarkað gildissvæði.

Heimilt er í undantekningartilvikum að gefa út vegabréfsáritun með takmarkað gildissvæði þegar:

a. það er talið nauðsynlegt af mannúðarástæðum, í þágu þjóðarhagsmuna eða vegna alþjóðlegra skuldbindinga að:
   i. gera undanþágu frá þeirri meginreglu að viðkomandi verði að uppfylla komuskilyrðin, sem mælt er fyrir um í a-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 866/2017 um för yfir landamæri,
   ii. gefa út vegabréfsáritun þrátt fyrir að aðildarríkið, sem samráð var haft við í samræmi við 22. gr., mæli gegn útgáfu samræmdrar vegabréfsáritunar eða
   iii. gefa út vegabréfsáritun af áríðandi ástæðum, þrátt fyrir að fyrirframsamráð skv. 22. gr. hafi ekki farið fram,

eða

b. ef, af ástæðum sem sendiskrifstofan telur réttlætanlegar, gefin er út ný vegabréfsáritun vegna dvalar á sama 180 daga tímabili og umsækjandinn hefur þegar notað samræmda vegabréfsáritun eða vegabréfsáritun með takmarkað gildissvæði sem heimilar 90 daga dvöl.

Vegabréfsáritun með takmarkað gildissvæði skal gilda á Íslandi en í undantekningartilvikum getur slík áritun gilt á yfirráðasvæðum fleiri en eins aðildarríkis, að fengnu samþykki hvers og eins þeirra.

Ef umsækjandi er handhafi ferðaskilríkja sem eitt eða fleiri aðildarríki, en þó ekki öll, viðurkenna ekki, skal gefa út vegabréfsáritun sem gildir fyrir yfirráðasvæði þeirra aðildarríkja sem viðurkenna ferðaskilríkin. Viðurkenni útgáfuaðildarríkið ekki ferðaskilríki umsækjanda skal vegabréfsáritunin, sem það gefur út, einungis gilda í því aðildarríki.

Hafi vegabréfsáritun sem gildir einungis fyrir Ísland verið gefin út á grundvelli a-liðar 1. mgr., skal Útlendingastofnun eða utanríkisráðuneytið, eftir því hvor aðilinn ber ábyrgð á útgáfu vegabréfsáritunarinnar, miðla viðeigandi upplýsingum til miðlægra stjórnvalda hinna aðildarríkjanna tafarlaust með þeim hætti sem um getur í 3. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008 um VIS-upplýsingakerfið.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um útgáfu vegabréfsáritunar samkvæmt 1. mgr. skulu nauðsynlegar upplýsingar skráðar inn í upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir til samræmis við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008 um VIS-upplýsingakerfið.

26. gr.

Með hliðsjón af samstarfi þriðja ríkis við aðildarríkin varðandi endurviðtöku ólöglegra innflytjenda, sem metið er á grundvelli viðeigandi og hlutlægra gagna, skulu 5. mgr. 14. gr., 1. mgr. og b-liður 4. mgr. 16. gr., 1. mgr. 23. gr. og 5. og 8. mgr. 24. gr. ekki gilda um umsækjendur eða hópa umsækjenda sem eru ríkisborgarar þriðja ríkis sem telst ekki sýna nægilegan samstarfsvilja í samræmi við 25. gr. a. reglugerðar (ESB) 2019/1155 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 810/2009 um Bandalagsreglur um vegabréfsáritanir.

27. gr.

Útgáfa vegabréfsáritunar til gegnumferðar um flughöfn.

Vegabréfsáritun til gegnumferðar um flughöfn gildir til gegnumferðar um alþjóðleg gegnumferðarsvæði íslenskra flughafna.

Með fyrirvara um a-lið 12. gr. skal gildistími vegabréfsáritunarinnar vera 15 dögum lengri en dagafjöldi heimilaðrar dvalar. Heimilt er að veita ekki slíkan frest með vísan til allsherjarreglu eða vegna alþjóðasamskipta einhverra aðildarríkjanna.

Með fyrirvara um a-lið 12. gr. er heimilt að gefa út vegabréfsáritanir til margra gegnumferða um flughöfn með sex mánaða gildistíma að hámarki.

Eftirfarandi viðmiðanir skipta einkum máli þegar tekin er ákvörðun um útgáfu vegabréfsáritunar til margra gegnumferða um flughöfn:

a. þörf umsækjanda á gegnumferð oft og/eða reglulega og
b. ráðvendni og áreiðanleiki umsækjanda, einkum lögleg notkun fyrri samræmdra vegabréfsáritana, vegabréfsáritana með takmarkað gildissvæði eða vegabréfsáritana til gegnumferðar um flughöfn, fjárhagsstaða hans í upprunalandinu og einlægur ásetningur hans um áframhaldandi för.

Ef gerð er krafa um að umsækjandi hafi vegabréfsáritun til gegnumferðar um flughöfn, í samræmi við ákvæði 2. mgr. 3. gr., skal slík vegabréfsáritun til gegnumferðar um flughöfn einungis gilda til gegnumferðar um alþjóðleg gegnumferðarsvæði íslenskra flughafna.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um útgáfu vegabréfsáritunar samkvæmt 1. mgr. skulu upplýsingar skv. 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008 um VIS-upplýsingakerfið skráðar inn í upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir.

28. gr.

Vegabréfsáritunarmiðinn fylltur út.

Vegabréfsáritunarmiði skal fylltur út í samræmi við reglur framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins þar um.

Aðildarríkjunum er heimilt að setja inn athugasemdir eigin ríkis í þann hluta vegabréfsáritunarmiðans sem ætlaður er fyrir athugasemdir, þær færslur skulu þó ekki vera endurtekning á skyldubundnu færslunum samkvæmt ferlinu sem um getur í 1. mgr.

Allar færslur á vegabréfsáritunarmiða skulu prentaðar og óheimilt er að færa handvirkt inn breytingar á prentaðan vegabréfsáritunarmiða.

Einungis er heimilt að fylla út vegabréfsáritunarmiða til einnar komu handvirkt ef um óviðráðanleg tæknileg atvik er að ræða. Á vegabréfsáritunarmiða, sem fylltur hefur verið út handvirkt, má ekki gera breytingar.

Ef vegabréfsáritunarmiði er fylltur út handvirkt í samræmi við 4. mgr. þessarar greinar skal færa upplýsingar um það inn í upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir til samræmis við k-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008 um VIS-upplýsingakerfið.

29. gr.

Ómerking vegabréfsáritunarmiða.

Ef villa uppgötvast á vegabréfsáritunarmiða, sem enn hefur ekki verið festur í ferðaskilríki, skal ómerkja miðann.

Ef villa uppgötvast eftir að vegabréfsáritunarmiðinn hefur verið festur í ferðaskilríkin skal ómerkja miðann með því að setja kross yfir hann með skjalableki og festa nýjan vegabréfsmiða á aðra blaðsíðu.

Ef villa uppgötvast eftir að viðkomandi gögn hafa verið færð inn í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir skal leiðrétta hana svo fljótt sem verða má.

30. gr.

Festing vegabréfsáritunarmiða.

Vegabréfsáritunarmiða skal festa í ferðaskilríki umsækjanda samkvæmt reglum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins þar um.

Séu ferðaskilríki umsækjanda ekki viðurkennd á Íslandi skal nota laust blað til að festa vegabréfsáritun á.

Ef vegabréfsáritunarmiði hefur verið festur á laust blað, til að festa vegabréfsáritun á, skal færa upplýsingar um það inn í upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir til samræmis við j-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008 um VIS-upplýsingakerfið.

Stakar vegabréfsáritanir, sem gefnar eru út til handa einstaklingum sem eru skráðir í ferðaskilríki umsækjanda, skal festa í þau ferðaskilríki.

Séu ferðaskilríkin, sem slíkir einstaklingar eru skráðir í, ekki viðurkennd hér á landi, skulu stöku vegabréfsáritunarmiðarnir festir á laus blöð til að festa á vegabréfsáritun.

31. gr.

Réttur sem útgefin vegabréfsáritun veitir.

Samræmd vegabréfsáritun eða vegabréfsáritun með takmarkað gildissvæði veitir ekki sjálfkrafa rétt til komu til Íslands.

32. gr.

Upplýsingar frá miðlægum stjórnvöldum annarra aðildarríkja.

Aðildarríki getur farið fram á að miðlægum yfirvöldum þess sé tilkynnt um vegabréfsáritanir, sem önnur aðildarríki gefa út til handa ríkisborgurum tiltekinna þriðju ríkja eða tiltekinna hópa þeirra, nema þegar um er að ræða vegabréfsáritanir til gegnumferðar um flughöfn.

33. gr.

Vegabréfsáritun synjað.

Með fyrirvara um 1. mgr. 25. gr. skal synjað um vegabréfsáritun í eftirfarandi tilvikum:

a. ef umsækjandi:
   i. framvísar ferðaskilríkjum sem eru grunnfölsuð, breytifölsuð eða fölsuð á annan hátt,
   ii. getur ekki fært rök fyrir tilgangi og skilyrðum fyrirhugaðrar dvalar sinnar,
   iii. getur ekki fært rök fyrir tilgangi og skilyrðum fyrirhugaðrar gegnumferðar sinnar um flughöfn,
   iv. færir ekki sönnur á að hann hafi nægt fé sér til framfærslu, bæði meðan á fyrirhugaðri dvöl stendur og til þess að snúa aftur til uppruna- eða búsetulands síns eða til gegnumferðar um þriðja ríki, sem víst þykir að honum verði hleypt inn í, eða að hann sé í aðstöðu til að útvega sér slíkt fé á lögmætan hátt,
   v. hefur þegar dvalið í 90 daga á 180 daga tímabili á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, á grundvelli samræmdrar vegabréfsáritunar eða vegabréfsáritunar með takmarkað gildissvæði,
   vi. er á skrá í Schengen-upplýsingakerfinu yfir óæskilega einstaklinga sem synja á um komu,
   vii. er talinn vera ógnun við allsherjarreglu, innra öryggi eða almannaheilsu, eins og skilgreint er í 21. tölul. 3. gr. reglugerðar nr. 866/2017 um för yfir landamæri, eða við alþjóðasamskipti í einhverju aðildarríkjanna, einkum ef hann er á skrá í landsbundnum gagnagrunnum aðildarríkjanna yfir óæskilega einstaklinga sem synja á um komu af sömu ástæðum, eða
   viii. leggur ekki fram sönnun fyrir því að hann sé handhafi gildrar ferðasjúkratryggingar, þar sem við á, eða
b. ef rökstudd ástæða er til að draga í efa að fylgiskjöl, sem umsækjandi leggur fram, séu ósvikin eða að innihald þeirra sé rétt, eða áreiðanleika framburðar umsækjanda eða ásetning hans að fara frá yfirráðasvæði aðildarríkjanna áður en vegabréfsáritunin, sem sótt er um, rennur út.

Umsækjanda skal tilkynnt um ákvörðun um synjun og ástæður fyrir henni á stöðluðu eyðublaði sem sett er fram í viðauka 6, á íslensku og öðru opinberu tungumáli meginstofnana Sambandsins.

Heimilt er að kæra synjun um vegabréfsáritun í samræmi við 7. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016.

Upplýsingar um synjun vegabréfsáritunar skal færa inn í upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir til samræmis við 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008 um VIS-upplýsingakerfið.

V. KAFLI

Breyting á útgefinni vegabréfsáritun.

34. gr.

Framlenging.

Framlengja skal gildistíma útgefinnar vegabréfsáritunar og/eða lengd dvalartíma sem hún heimilar hafi handhafi hennar fært sönnur á óviðráðanlegar aðstæður eða mannúðarástæður sem koma í veg fyrir að hann geti farið af yfirráðasvæði aðildarríkjanna áður en gildistími vegabréfsáritunarinnar eða dvalartíminn sem hún heimilar rennur út. Slík framlenging skal vera án endurgjalds.

Heimilt er að framlengja gildistíma útgefinnar vegabréfsáritunar og/eða lengd dvalartíma sem hún heimilar hafi handhafi hennar fært sönnur á mikilvægar persónulegar aðstæður sem réttlæta framlengingu á gildistíma eða dvalartíma. Umsækjendur skulu greiða gjald fyrir slíka framlengingu skv. 7. tölul. 14. gr. laga nr. 88/1991 um aukatekjur ríkissjóðs.

Útlendingastofnun, fyrir hönd íslenskra stjórnvalda er heimilt að fara með umsókn um framlengingu vegabréfsáritunar ef umsækjandi er staddur hér á landi þegar umsóknin er lögð fram.

Framlengda vegabréfsáritunin skal hafa sama gildissvæði og upprunalega vegabréfsáritunin nema Útlendingastofnun, sem framlengir vegabréfsáritanir skv. ákvæði þessu, ákveði annað.

Framlenging vegabréfsáritana skal vera á vegabréfsáritunarmiða, sbr. 28. gr.

Upplýsingar um framlengingu vegabréfsáritunar skal færa inn í upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir til samræmis við 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008 um VIS-upplýsingakerfið.

35. gr.

Ógilding og afturköllun.

Vegabréfsáritun skal ógilda ef í ljós kemur að skilyrði fyrir útgáfu hennar voru ekki uppfyllt þegar hún var gefin út, einkum ef rík ástæða er til að ætla að vegabréfsáritunin sé fengin með sviksamlegum hætti. Vegabréfsáritun skal að jafnaði ógilt af lögbærum yfirvöldum aðildarríkisins sem gaf hana út. Lögbærum yfirvöldum annars aðildarríkis er heimilt að ógilda vegabréfsáritun og skal þá yfirvöldum aðildarríkisins, sem gaf út vegabréfsáritunina, tilkynnt um ógildingu hennar.

Vegabréfsáritun skal afturkalla ef í ljós kemur að skilyrði fyrir útgáfu hennar eru ekki lengur uppfyllt. Vegabréfsáritun skal að jafnaði afturkölluð af lögbærum yfirvöldum aðildarríkisins sem gaf hana út. Lögbærum yfirvöldum annars aðildarríkis er heimilt að afturkalla vegabréfsáritun og skal þá yfirvöldum aðildarríkisins, sem gaf út vegabréfsáritunina, tilkynnt um slíka afturköllun.

Útlendingastofnun, viðkomandi sendiskrifstofu eða utanríkisráðuneytinu er heimilt að afturkalla vegabréfsáritun að beiðni handhafa hennar. Tilkynna skal lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna, sem gáfu út vegabréfsáritunina, um slíka afturköllun.

Þótt handhafi vegabréfsáritunar geti ekki framvísað einu eða fleiri af þeim fylgiskjölum, sem um getur í 3. mgr. 14. gr., við landamæri leiðir það ekki sjálfkrafa til þess að ákvörðun verði tekin um að ógilda eða afturkalla vegabréfsáritun.

Þegar vegabréfsáritun er ógilt eða afturkölluð skal stimpla hana með orðunum "ÓGILT" ("ANNULLED") eða "AFTURKALLAÐ" ("REVOKED") og ógilda hinn ljósfræðilega breytilega þátt vegabréfsáritunarmiðans, öryggisþáttinn "dulin myndhrif" og orðið "vegabréfsáritun" ("visa") með því að setja kross yfir þau.

Umsækjanda skal tilkynnt um ákvörðun um ógildingu eða afturköllun vegabréfsáritunar og ástæður fyrir henni á stöðluðu eyðublaði sem sett er fram í viðauka 6.

Handhafa vegabréfsáritunar, sem ógilt hefur verið eða afturkölluð, er heimilt að kæra ákvörðunina nema vegabréfsáritunin hafi verið afturkölluð að beiðni hans í samræmi við 3. mgr. Kærum skal beint gegn aðildarríkinu sem tók ákvörðun um ógildingu eða afturköllun og um þær skal fara að landslögum þess aðildarríkis. Um kæru á ákvörðun íslenskra stjórnvalda um ógildingu eða afturköllun fer samkvæmt 7. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016. Upplýsa skal umsækjanda um málsmeðferð þá sem fylgja ber við kæru og tilgreind er í viðauka 6.

Upplýsingar um ógildingu eða afturköllun vegabréfsáritunar skal færa inn í upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir til samræmis við 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008 um VIS-upplýsingakerfið.

Útlendingastofnun og yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti með einstaklingum um för yfir ytri landamæri teljast lögbær yfirvöld hér á landi, samkvæmt ákvæði þessu.

VI. KAFLI

Útgáfa vegabréfsáritana á ytri landamærunum.

36. gr.

Umsókn vegabréfsáritana á ytri landamærum.

Í undantekningartilvikum er heimilt að gefa út vegabréfsáritanir á landamærastöðvum að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a. umsækjandi uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í a-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 866/2017 um för yfir landamæri,
b. umsækjandi var ekki í aðstöðu til að sækja um vegabréfsáritun fyrir fram og leggur fram gögn til staðfestingar á ófyrirsjáanlegum og brýnum ástæðum fyrir komu, ef um það er beðið, og
c. talið er öruggt að umsækjandi komist aftur til uppruna- eða búsetulands síns eða áfram í gegnum önnur ríki en þau aðildarríki þar sem Schengen-gerðirnar hafa komið til framkvæmda að fullu.

Ef sótt er um vegabréfsáritun á ytri landamærum er heimilt að gera undanþágu frá kröfunni um að umsækjandi sé handhafi ferðasjúkratryggingar standi slík ferðasjúkratrygging ekki til boða á þeirri landamærastöð eða af mannúðarástæðum.

Vegabréfsáritun, sem gefin er út á ytri landamærum, skal vera samræmd vegabréfsáritun sem heimilar handhafa að hámarki 15 daga dvöl, eftir tilgangi og skilyrðum fyrirhugaðrar dvalar. Ef um gegnumferð er að ræða skal lengd heimilaðrar dvalar samsvara þeim tíma sem nauðsynlegur er til gegnumferðarinnar.

Ef skilyrðin, sem mælt er fyrir um í a-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar um för yfir landamæri, eru ekki uppfyllt getur stjórnvald, sem annast útgáfu vegabréfsáritana á landamærum, gefið út vegabréfsáritun sem gildir einungis fyrir Ísland, í samræmi við a-lið 1. mgr. 25. gr. þessarar reglugerðar.

Ekki er heimilt að gefa út vegabréfsáritun til ríkisborgara þriðja ríkis ef hafa þarf samráð fyrirfram, í samræmi við 22. gr., við eitthvert aðildarríkjanna sem árituninni er ætlað að gilda fyrir. Þó er heimilt, í undantekningartilvikum, að gefa út vegabréfsáritun sem einungis gildir fyrir Ísland á ytri landamærum séu skilyrði a-liðar 1. mgr. 25. gr. fyrir hendi.

Til viðbótar við þær ástæður til synjunar vegabréfsáritunar, sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 33. gr., skal synja um vegabréfsáritun á landamærastöð ef skilyrðin, sem um getur í b-lið 1. mgr. þessarar greinar, eru ekki uppfyllt.

Ákvæði 3. mgr. 33. gr. og viðauka 6 um rök fyrir og tilkynningu um synjun og um kæruheimild skulu gilda.

37. gr.

Útgáfa vegabréfsáritana til handa sjómönnum í gegnumferð á ytri landamærum.

Heimilt er að gefa út á landamærum vegabréfsáritun til gegnumferðar til handa sjómanni sem fellur undir kvöð um vegabréfsáritun þegar hann fer yfir ytri landamæri aðildarríkjanna ef:

a. hann uppfyllir skilyrðin í 1. mgr. 36. gr. og
b. hann fer yfir viðkomandi landamæri í þeim tilgangi að fara um borð í skip sem hann er að hefja störf á sem sjómaður eða til að snúa aftur um borð í skip eða fara endanlega frá borði skips sem hann hefur starfað á sem sjómaður.

Um útgáfu vegabréfsáritana til sjómanna á landamærum gilda verklagsreglur framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins þar um.

Þetta ákvæði gildir með fyrirvara um ákvæði 3., 4. og 5. mgr. 36. gr.

IV. HLUTI

Rekstur stjórnsýslu og skipulag.

38. gr.

Skipulag vegabréfsáritanadeilda.

Þegar utanríkisráðuneytið felur íslenskum sendiskrifstofum að annast útgáfu vegabréfsáritana, semur við utanaðkomandi þjónustuaðila eða milliliði í öðrum ríkjum og tekur þátt í staðbundnu samstarfi sendiskrifstofa aðildarríkja gilda ákvæði 37.-40. gr., 42.-45. gr. og 48. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 810/2009 um Bandalagsreglur um vegabréfsáritanir, með síðari breytingum, um þá starfsemi.

Útlendingastofnun og utanríkisráðuneytið skulu tryggja fullnægjandi þjálfun starfsmanna og tryggja fullnægjandi eftirlit með vinnslu umsókna skv. 3. og 4. mgr. 38. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 810/2009 um Bandalagsreglur um vegabréfsáritanir og setja sér verklagsreglur þess efnis. Útlendingastofnun skal einnig tryggja sendiskrifstofum og þeim yfirvöldum sem bera ábyrgð á útgáfu vegabréfsáritana á landamærum, búnað til að safna lífkennum skv. 2. mgr. 40. gr. sömu reglugerðar.

39. gr.

Samantekt tölulegra upplýsinga.

Útlendingastofnun skal árlega taka saman tölulegar upplýsingar um vegabréfsáritanir í samræmi við töfluna í XII. viðauka reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 810/2009 um Bandalagsreglur um vegabréfsáritanir og senda upplýsingarnar til dómsmálaráðuneytisins, utanríkisráðuneytisins og til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Þessar tölulegu upplýsingar skulu lagðar fram fyrir 1. mars fyrir næstliðið almanaksár.

40. gr.

Upplýsingar til almennings.

Útlendingastofnun, utanríkisráðuneytið og sendiskrifstofur sem utanríkisráðuneytið felur útgáfu vegabréfsáritana skulu veita almenningi allar viðeigandi upplýsingar í tengslum við umsókn um vegabréfsáritun, einkum um:

a. viðmiðanir, skilyrði og málsmeðferð við umsókn vegabréfsáritunar,
   i. viðmiðanir til að umsókn teljist tæk, sem kveðið er á um í 1. mgr. 19. gr.,
   ii. að lífkennaupplýsingum sé að jafnaði safnað á 59 mánaða fresti, talið frá þeim degi sem þeim er fyrst safnað,
b. hvernig panta má tíma, ef við á,
c. hvar leggja má fram umsókn (á þar til bærri sendiskrifstofu eða hjá utanaðkomandi þjónustuaðila),
d. viðurkennd fyrirtæki sem starfa sem milliliðir,
e. þá staðreynd að stimpillinn, sem kveðið er á um í 20. gr. hefur engin bein réttaráhrif,
f. fresti til meðferðar á umsóknum, sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 23. gr.,
g. þriðju ríki þar sem hafa þarf fyrirframsamráð vegna ríkisborgara eða sérstakra hópa þeirra eða veita upplýsingar um þá,
h. að tilkynna verði umsækjanda um neikvæða ákvörðun, að gefa verði upp ástæður sem liggja til grundvallar synjuninni og að umsækjendur hafi málskotsrétt ef umsóknum þeirra er synjað, auk upplýsinga um málsmeðferð þá sem fylgja ber við kæru, hvaða yfirvald telst vera lögbært yfirvald og um frest til að leggja fram kæruna,
i. að vegabréfsáritunin ein veiti ekki sjálfkrafa rétt til komu og að handhafar vegabréfsáritunar þurfi að leggja fram sönnun þess að þeir uppfylli komuskilyrði við ytri landamærin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar nr. 866/2017 um för yfir landamæri.
j. upplýsingar um afgreiðslu kvartana, sem kveðið er á um í 5. mgr. 38. gr. reglugerðar (EB) nr. 810/2009 um Bandalagsreglur um vegabréfsáritanir, með síðari breytingum.

Aðildarríkið sem veitir fyrirsvar og aðildarríkið sem nýtur fyrirsvars skulu tilkynna almenningi um samkomulag um fyrirsvar, eins og um getur í 8. gr. áður en það öðlast gildi.

V. HLUTI
Lokaákvæði.

41. gr.

Fyrirkomulag í tengslum við Ólympíuleikana og Ólympíuleika fatlaðra.

Aðildarríki, sem halda Ólympíuleikana og Ólympíuleika fatlaðra, skulu beita sértæku málsmeðferðinni og skilyrðunum til að greiða fyrir útgáfu vegabréfsáritana sem sett eru fram í viðauka 7.

42. gr.

Tilkynningar.

Útlendingastofnun skal tilkynna framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um:

a. þriðju ríki hverra ríkisborgurum er skylt að hafa vegabréfsáritun til gegnumferðar um flughöfn þegar þeir fara um alþjóðleg gegnumferðarsvæði flughafna sem eru á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, eins og um getur í 3. gr., áður en sú ákvörðun tekur gildi og eins skal tilkynna þegar slík krafa er felld úr gildi,
b. íslenskt eyðublað fyrir sönnun á að einhver ábyrgist framfærslu hlutaðeigandi og/eða gistingu í heimahúsi, sem um getur í 4. mgr. 14. gr., ef við á,
c. lista yfir þriðju ríki sem falla undir kröfu um fyrirframsamráð eins og um getur í 22. gr., að jafnaði eigi síðar en 25 dögum áður en hún tekur gildi eða er dregin til baka,
d. lista yfir þriðju ríki, sem falla undir kröfu um upplýsingar eins og um getur í 32. gr., eigi síðar en 25 dögum áður en hún tekur gildi eða er dregin til baka,
e. viðbótarathugasemdir Íslands í þann hluta vegabréfsáritunarmiðans sem ætlaður er fyrir athugasemdir, eins og um getur í 2. mgr. 28. gr.,
f. lögbær yfirvöld til að framlengja vegabréfsáritanir á Íslandi,
g. tölulegar upplýsingar sem teknar eru saman í samræmi við 46. gr. og XII. viðauka reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 810/2009 um Bandalagsreglur um vegabréfsáritanir.

Utanríkisráðuneytið skal tilkynna framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um:

a. samkomulag varðandi fyrirsvar sem um getur í 8. gr. eigi síðar en 20 almanaksdögum áður en samkomulag eða uppsögn tekur gildi, nema um óviðráðanleg atvik sé að ræða (force majure),
b. fyrirætlan um að innheimta hærra þjónustugjald eins og um getur í 17. gr., eigi síðar en þremur mánuðum áður en það kemur til framkvæmda og rökstuðning fyrir fjárhæð þjónustugjaldsins,
c. það fyrirkomulag samstarfs sem valið er, eins og um getur í 40. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 810/2009 um Bandalagsreglur um vegabréfsáritanir, sbr. 38. gr.

43. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem innleiðir ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 810/2009 um Bandalagsreglur um vegabréfsáritanir, með síðari breytingum og ákvæði reglugerðar (ESB) 2019/1155 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 810/2009 um Bandalagsreglur um vegabréfsáritanir, er sett með heimild í 4. og 8. mgr. 20. gr. og 6. tölul. 1. og 2. mgr. 120. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um vegabréfsáritanir nr. 1160/2010, með síðari breytingum

Þrátt fyrir 1. mgr. skal b-liður 2. mgr. 21. gr. ekki öðlast gildi fyrr en reglugerð (ESB) 2017/2226 um að koma á fót komu- og brottfararkerfi til að skrá upplýsingar um komur og brottfarir og upplýsingar um synjanir um komu ríkisborgara þriðju landa, sem fara yfir ytri landamæri aðildarríkjanna, og um að ákvarða skilyrði fyrir aðgangi að komu- og brottfararkerfinu í löggæslutilgangi og um breytingu á samningnum um framkvæmd Schengen-samkomulagsins og á reglugerðum (EB) nr. 767/2008 og (ESB) nr. 1077/2011, kemur til framkvæmda skv. 73. gr. þeirrar gerðar. Sú gildistaka verður auglýst sérstaklega.

Dómsmálaráðuneytinu, 14. júní 2022.

Jón Gunnarsson.

Haukur Guðmundsson.

VIÐAUKI 1

Samræmt umsóknareyðublað.

UMSÓKN UM SCHENGEN-VEGABRÉFSÁRITUN

	Umsókn um Schengen-vegabréfsáritun Umsóknareyðublaðið er án endurgjalds	Mynd

Aðstandendur ríkisborgara landa í Evrópusambandinu, á Evrópska efnahagssvæðinu eða Sviss skulu ekki fylla út reiti nr. 21, 22, 30, 31 og 32 (merkta með * (stjörnu)).

Fyllið út reiti nr. 1–3 í samræmi við upplýsingar sem fram koma í ferðaskilríkjum.

1. Kenninafn:			EINUNGIS TIL OPINBERRA NOTA Dagsetning umsóknar:
2. Kenninafn við fæðingu (fyrra kenninafn/-nöfn):			
3. Eiginnafn/-nöfn:			Númer umsóknar um vegabréfsáritun:
4. Fæðingardagur og -ár (dagur- mánuður-ár):	5. Fæðingarstaður: 6. Fæðingarland:	7. Núverandi ríkisfang: Ríkisfang við fæðingu (ef annað): Önnur ríkisföng:	Umsókn lögð fram: ☐ hjá sendiráði/ ræðisskrifstofu
8. Kyn ☐ karl ☐ kona	9. Hjúskaparstaða ☐ einhleyp/-ur ☐ gift/-ur ☐ í skráðri sambúð ☐ skilin/-n að borði og sæng ☐ fráskilin/-n ☐ ekkja/ekkill ☐ önnur (tilgreinið)		☐ hjá þjónustuaðila ☐ hjá fyrirtæki sem starfar sem milliliður ☐ á landamærum Heiti:……..
10. Forráðamaður (ef um er að ræða ólögráða börn)/lögráðamaður (kenninafn, eiginnafn, heimilisfang (ef annað en umsækjanda), símanúmer, tölvupóstfang og ríkisfang):			☐ annars staðar:
11. Innlent kenninúmer, þar sem við á:			Meðferð umsóknar annaðist:
12. Tegund ferðaskilríkja ☐ Almennt vegabréf ☐ Diplómatískt vegabréf ☐ Þjónustuvegabréf ☐ Embættisvegabréf (e. Official passport) ☐ Sérstakt vegabréf ☐ Önnur ferðaskilríki (tilgreinið):			Fylgiskjöl: ☐ ferðaskilríki ☐ skjöl sem sýna fram á framfærslufé ☐ boðsbréf ☐ ferðasjúkratrygging
13. Númer ferðaskilríkja:	14. Útgáfudagur:	15. Gilda til:	16. Gefin út af (land): ☐ skjöl sem sýna fram á ferðamáta ☐ önnur:
17. Persónuupplýsingar aðstandanda sem er ríkisborgari lands í Evrópusambandinu, á Evrópska efnahagssvæðinu eða Sviss, ef við á			
Kenninafn:		Eiginnafn/-nöfn:	Ákvörðun um vegabréfsáritun: ☐ synjað
Fæðingardagur og -ár (dagur-mánuður-ár):	Ríkisfang:	Fæðingardagur og -ár (dagur-mánuður-ár):	

18. Fjölskyldutengsl við ríkisborgara lands í Evrópusambandinu, á Evrópska efnahagssvæðinu eða Sviss, ef við á: ☐ maki ☐ barn ☐ barnabarn ☐ eldri ættingi á framfæri hlutaðeigandi ☐ í skráðri sambúð ☐ önnur:	☐ gefin út: ☐ A ☐ C ☐ Vegabréfsáritun með takmarkað gildissvæði ☐ Gildir: Frá ..... Til .....
19. Heimilisfang og tölvupóstfang umsækjanda: / Símanúmer:	
20. Er viðkomandi búsettur í öðru landi en því þar sem hann hefur ríkisfang: ☐ Nei ☐ Já. Dvalarleyfi eða jafngildi þess ..... nr. ..... gildir til:.....	
*21. Núverandi starf:	Fjöldi koma: ☐ 1 ☐ 2 ☐ Margar Dagafjöldi:
*22. Vinnuveitandi, heimilisfang vinnuveitanda og símanúmer. Ef um námsmenn er að ræða, heiti og heimilisfang menntastofnunar:	
23. Tilgangur ferðar (tilgreina má fleiri en einn): ☐ Skoðunarferð ☐ Viðskiptaferð ☐ Heimsókn til ættingja eða vina ☐ Menningarferð ☐ Íþróttaferð ☐ Opinber heimsókn ☐ Læknisfræðilegar ástæður ☐ Nám ☐ Gegnumferð um flughöfn ☐ Annar (tilgreinið):	
24. Viðbótarupplýsingar um tilgang dvalar:	
25. Aðildarríkið sem aðalákvörðunarstaður (og önnur aðildarríki sem eru ákvörðunarstaðir, ef við á): / 26. Aðildarríki sem fyrst er komið til:	
27. Sótt er um vegabréfsáritun fyrir: ☐ Eina komu ☐ Tvær komur ☐ Margar komur Fyrirhugaður komudagur til fyrstu fyrirhuguðu dvalar á Schengen-svæðinu: Fyrirhugaður brottfarardagur frá Schengen-svæðinu eftir fyrstu fyrirhuguðu dvöl:	
28. Hafa fingraför verið tekin áður vegna umsóknar um Schengen-vegabréfsáritun? ☐ Nei ☐ Já Dagsetning, ef vitað er…….. Númer vegabréfsáritunarmiða, ef vitað er……..	
29. Komuleyfi til lands sem er lokaákvörðunarstaður, þar sem við á: Gefið út af……Gildir frá……..til……..	
*30. Kenninafn og eiginnafn gestgjafa, eins eða fleiri, í aðildarríki eða –ríkjum. Ef það á ekki við, heiti hótels (eins eða fleiri) eða tímabundinnar gistiaðstöðu (einnar eða fleiri) í aðildarríki eða ríkjum:	

Heimilisfang og tölvupóstur gestgjafa (eins eða fleiri)/hótels eða hótela/tímabundinnar gistiaðstöðu (einnar eða fleiri):	Símanúmer:	
*31. Heiti og póstfang gestgjafa sem er félag/stofnun:		
Kenninafn, eiginnafn, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang tengiliðar hjá félaginu/stofnuninni:	Símanúmer félags/stofnunar:	
*32. Ferðakostnaður og kostnaður við framfærslu umsækjanda meðan á dvöl hans stendur er greiddur af:		
☐ umsækjanda Framfærslumáti ☐ reiðufé ☐ ferðaávísanir ☐ kreditkort ☐ fyrirframgreidd gisting ☐ fyrirframgreiddar ferðir ☐ annar (tilgreinið):	☐ ábyrgðaraðila (gestgjafa, félagi, stofnun), tilgreinið ..... ☐ sem um getur í reit nr. 30 eða 31 ..... ☐ öðrum (tilgreinið) Framfærslumáti ☐ reiðufé ☐ gisting látin í té ☐ allur kostnaður við dvöl greiddur ☐ fyrirframgreiddar ferðir ☐ annar (tilgreinið):	

Mér er kunnugt um að gjald fyrir vegabréfsáritun fæst ekki endurgreitt ef umsókninni er synjað.

Eftirfarandi gildir eingöngu ef sótt er um vegabréfsáritun fyrir margar komur:

Mér er kunnugt um nauðsyn þess að hafa fullnægjandi ferðasjúkratryggingu fyrir fyrstu dvöl mína og allar síðari heimsóknir til yfirráðasvæðis aðildarríkjanna.

Mér er kunnugt um og samþykki eftirfarandi: Söfnun upplýsinganna, sem beðið er um á þessu umsóknareyðublaði, svo og myndataka og, ef við á, taka fingrafara, er skylda vegna meðferðar umsóknar og hvers konar persónuupplýsingar um mig sem fram koma á umsóknareyðublaðinu, sem og fingraför og ljósmynd af mér, verða afhent hlutaðeigandi yfirvöldum aðildarríkjanna til meðferðar í því skyni að taka ákvörðun um umsókn mína.

Þessar upplýsingar, sem og upplýsingar um ákvörðun sem tekin verður um umsókn mína eða ákvörðun um hvort eigi að ógilda, afturkalla eða framlengja útgefna vegabréfsáritun, verða færðar inn í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir (VIS) og geymdar þar í fimm ár að hámarki og verða á því tímabili aðgengilegar yfirvöldum sem gefa út vegabréfsáritanir og lögbærum yfirvöldum til að annast eftirlit með vegabréfsáritunum á ytri landamærum og í aðildarríkjunum, innflytjendayfirvöldum og yfirvöldum hælismála í aðildarríkjunum, í því skyni að sannreyna hvort skilyrði fyrir löglegri komu til og dvöl og búsetu á yfirráðasvæði aðildarríkjanna séu uppfyllt, að bera kennsl á einstaklinga, sem fullnægja ekki eða fullnægja ekki lengur þessum skilyrðum, að taka umsóknir um hæli til meðferðar og ákvarða hver beri ábyrgð á slíkri meðferð. Við tilteknar aðstæður munu tilnefnd yfirvöld aðildarríkjanna og Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins (Europol) einnig hafa aðgang að upplýsingunum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um og rannsaka hryðjuverk og aðra alvarlega, refsiverða verknaði. Yfirvaldið í aðildarríkinu, sem ber ábyrgð á vinnslu gagnanna, er: [(…)].

Mér er kunnugt um að ég á, í hvaða aðildarríki sem er, rétt á að fá tilkynningu um það hvaða gögn um mig eru skráð í upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir og um það hvaða aðildarríki sendi gögnin, sem og á að fara fram á að röng gögn um mig séu leiðrétt og að gögnum um mig, sem unnin eru á ólögmætan hátt, sé eytt. Fari ég fram á það, munu yfirvöldin, sem annast meðferð umsóknar minnar, upplýsa mig um það hvernig ég get nýtt mér rétt minn til að skoða persónuupplýsingar um mig og láta leiðrétta þær eða eyða þeim, þ.m.t. um tengd úrræði samkvæmt landslögum hlutaðeigandi aðildarríkis. Innlent eftirlitsyfirvald þess aðildarríkis [samskiptaupplýsingar: ...] tekur kærur varðandi vernd persónuupplýsinga til meðferðar.

Ég lýsi því yfir að allar upplýsingar, sem ég hef látið í té, eru réttar og fullnægjandi samkvæmt minni bestu vitund. Mér er kunnugt um að veiti ég rangar upplýsingar mun það leiða til þess að umsókn minni verður synjað eða útgefin vegabréfsáritun ógild og að slíkt getur leitt til ákæru samkvæmt lögum aðildarríkisins sem annast meðferð umsóknarinnar.

Ég skuldbind mig til að fara frá yfirráðasvæði aðildarríkjanna áður en vegabréfsáritunin rennur út, verði hún veitt. Mér hefur verið tilkynnt um að vegabréfsáritun sé einungis ein af forsendunum fyrir komu inn á evrópskt yfirráðasvæði aðildarríkjanna. Þó að mér hafi verið veitt vegabréfsáritun merkir það ekki að ég eigi rétt á bótum uppfylli ég ekki viðeigandi ákvæði 1. mgr. 6. gr. reglugerðar

(ESB) nr. 2016/399 (Schengen-landamærareglurnar) og er synjað um komu af þeim sökum. Forsendur fyrir komu verða kannaðar að nýju við komu til evrópska yfirráðsvæðis aðildarríkjanna.

Staður og dagsetning:	Undirritun: (forráðamanns/lögráðamanns ef um er að ræða barn undir lögaldri):

VIÐAUKI 2

Listi yfir fylgiskjöl (ekki tæmandi).

Fylgiskjölin, sem um getur í 14. gr. og umsækjendur um vegabréfsáritun skulu leggja fram, geta m.a. verið eftirfarandi:

A. **Skjöl sem tengjast tilgangi ferðar:**

1. þegar um viðskiptaferðir er að ræða:
   a. boð frá fyrirtæki eða yfirvaldi um þátttöku í fundum, ráðstefnum eða öðrum viðburðum vegna viðskipta, rekstrar eða atvinnu,
   b. önnur gögn sem sýna fram á viðskiptasambönd eða sambönd vegna atvinnu,
   c. aðgöngumiðar á kaupstefnur og ráðstefnur, ef við á,
   d. skjöl er sýna fram á starfsemi félagsins,
   e. skjöl sem sýna fram á hvaða starfi umsækjandi gegnir innan félagsins,
2. þegar um er að ræða ferðir vegna náms eða annarrar menntunar:
   a. innritunarvottorð frá menntastofnun vegna þátttöku í verklegum eða fræðilegum námskeiðum sem tengjast grunnmenntun og framhaldsmenntun,
   b. námsmannaskírteini eða önnur vottorð um námskeiðin sem verða sótt,
3. þegar um skoðunarferðir eða einkaferðalög er að ræða:
   a. gögn um gistingu:
      – heimboð gestgjafans, ef dvalið er hjá gestgjafa,
      – gögn frá gististaðnum eða önnur viðeigandi gögn sem sýna fram á fyrirhugaða gistingu,
   b. gögn sem tengjast ferðaáætlun:
      – staðfesting á bókun frá skipuleggjanda hópferðar eða annað viðeigandi skjal sem sýnir fram á fyrirhugaða ferðaáætlun,
      – ef um er að ræða gegnumferð: vegabréfsáritun eða annað komuleyfi til þriðja ákvörðunarlands; farmiðar fyrir áframhaldandi för,
4. þegar um ferðir vegna viðburða á sviði stjórnmála, vísinda, menningar, íþrótta eða trúarbragða eða af öðrum ástæðum er að ræða:
   – boð, aðgöngumiðar, innritunarskjöl eða dagskrár og skal (eftir því sem unnt er) taka fram atriði á borð við nafn þess sem boðið sendi eða hversu lengi dvölin muni standa eða önnur viðeigandi skjöl sem gefa til kynna tilgang ferðarinnar,
5. þegar um er að ræða ferðir manna í opinberum sendinefndum sem, að fengnu opinberu boði sem beint er til ríkisstjórnar hlutaðeigandi þriðja ríkis, taka þátt í fundum, samráði, samningaviðræðum eða skiptiáætlunum, auk viðburða á vegum milliríkjastofnana á yfirráðasvæði aðildarríkis:
   – bréf, útgefið af yfirvaldi hlutaðeigandi þriðja ríkis, því til staðfestingar að umsækjandi eigi sæti í opinberri sendinefnd og ferðist til yfirráðasvæðis aðildarríkis í því skyni að taka þátt í fyrrnefndum viðburðum, ásamt afriti af hinu opinbera boði,
6. þegar um er að ræða ferðir af læknisfræðilegum ástæðum:
   – opinbert skjal frá sjúkrastofnun þar sem staðfest er þörf á læknishjálp í þeirri stofnun ásamt sönnun fyrir því að hluteigandi hafi nægt fé til að greiða fyrir læknishjálpina.

B. **Skjöl sem gera kleift að meta ásetning umsækjanda um að fara frá yfirráðasvæði aðildarríkjanna:**

1. miði til heimferðar eða hringferðar eða bókun slíks miða,
2. sönnun þess að hlutaðeigandi eigi fé í búsetulandi,
3. sönnun um starf: reikningsyfirlit banka,
4. sönnun þess að hlutaðeigandi eigi fasteign,
5. sönnun þess að hlutaðeigandi hafi aðlagast búsetulandinu: ættartengsl, starfsheiti.

C. **Skjöl varðandi fjölskylduhagi umsækjanda:**

1. samþykki forráðamanns eða lögráðamanns (ef barn undir lögaldri ferðast án þeirra),
2. sönnun um ættartengsl við gestgjafann.

VIÐAUKI 4

Skylda til að hafa vegabréfsáritun til gegnumferðar um flughöfn.

Ríkisborgarar eftirtalinna ríkja skulu í gegnumferð um íslenska flughöfn, með eða án þess að skipta um flugvél, vera með gilda íslenska vegabréfsáritun til gegnumferðar um flughöfn, nema þeir séu handhafar dvalarleyfis sem getið er í viðauka 5:

Afganistan
Bangladess
Austur-Kongó
Erítrea
Eþíópía
Gana
Íran
Írak
Nígería
Pakistan
Sómalía
Srí Lanka

VIÐAUKI 5

Skrá yfir dvalarleyfi sem veita handhafa rétt til gegnumferðar um flughafnir aðildarríkja án vegabréfsáritunar til gegnumferðar um flughöfn.

ANDORRA:
– autorització temporal (tímabundið innflytjendaleyfi – grænt),
– autorització temporal per a treballadors d'empreses estrangeres (tímabundið innflytjendaleyfi fyrir starfsmenn erlendra fyrirtækja – grænt),
– autorització residència i treball (dvalar- og atvinnuleyfi – grænt),
– autorització residència i treball del personal d'ensenyament (dvalar- og atvinnuleyfi fyrir kennara – grænt),
– autorització temporal per estudis o per recerca (tímabundið innflytjendaleyfi til náms eða rannsókna – grænt),
– autorització temporal en pràctiques formatives (tímabundið innflytjendaleyfi vegna starfsnáms og þjálfunar – grænt),
– autorització residència (dvalarleyfi – grænt).

KANADA:
– permanent resident (PR) card (búsetuskírteini),
– permanent Resident Travel Document (PRTD) (ferðaskilríki fyrir fólk með búsetuleyfi).

JAPAN:
– residence card (dvalarskírteini).

SAN MARÍNÓ:
– permesso di soggiorno ordinario (gildistími eitt ár, endurnýjanlegt á lokadegi gildistíma),
– sérstök dvalarleyfi af eftirfarandi ástæðum (gildistími eitt ár, endurnýjanlegt á lokadegi gildistíma): háskólanám, íþróttir, læknismeðferð, trúarlegar ástæður, fólk sem vinnur sem hjúkrunarfræðingar á opinberum sjúkrahúsum, sendirráðsstörf, sambúð, leyfi fyrir ólögráða börn, mannúðarástæður, sérstakt leyfi fyrir foreldra,
– árstíðabundin og tímabundin atvinnuleyfi (gildistími 11 mánuðir, endurnýjanleg á lokadegi gildistíma),
– kennivottorð gefið út til handa fólki með skráða búsetu („residenza“) í San Marínó (gildistími 5 ár).

BRESKA KONUNGSRÍKIÐ:

- UK Biometric Residence Permit (BRP) (dvalarleyfi í Breska konungsríkinu með lífkennum) (fyrir ríkisborgara landa utan ESB).

BANDARÍKI AMERÍKU:
– vegabréfsáritun fyrir innflytjendur (immigrant visa), sem er gild og ekki útrunnin, og sem viðurkenna má við komu sem tímabundna sönnun á búsetu í eitt ár á meðan verið er að útbúa I-551 skírteini,
– Skírteini I-551 (Permanent Residence Card) (búsetuskírteini), sem er gilt og ekki útrunnið, getur haft 2–10 ára gildistíma – eftir flokki aðgangsheimildar; ef engin lokadagsetning gildistíma er á skírteininu gildir það til ferðalaga,
– Skírteini I-327 (Re-entry Permit) (leyfi til endurkomu), sem er gilt og ekki útrunnið,

VIÐAUKI 6

Staðlað eyðublað til að tilkynna um og rökstyðja synjun, ógildingu eða afturköllun vegabréfsáritunar.



([1])

SYNJUN/ÓGILDING/AFTURKÖLLUN VEGABRÉFSÁRITUNAR

Fr./Hr. ...,

☐ ... Sendiráð/aðalræðisskrifstofa/sendiskrifstofa/[annað lögbært yfirvald] í ..... [fyrir hönd (heiti aðildarríkis sem nýtur fyrirsvars)],

☐ [Annað lögbært yfirvald] ..... ;

☐ Yfirvöldin sem bera ábyrgð á eftirlit með einstaklingum í .....

hefur/hafa

☐ tekið umsókn þína um vegabréfsáritun til meðferðar

☐ farið yfir vegabréfsáritun þína númer: ....., sem gefin var út: ..... [dagur/mánuður/ár].

☐ Vegabréfsáritun**inni** hefur verið synjað ☐ Vegabréfsáritun**in** hefur verið ógilt ☐ Vegabréfsáritun**in** hefur verið afturkölluð

Ákvörðunin var tekin á grundvelli eftirfarandi ástæðu/ástæðna:

1. ☐ framvísað var ferðaskilríkjum sem voru grunnfölsuð/breytifölsuð/fölsuð á annan hátt
2. ☐ ekki voru færð rök fyrir tilgangi og skilyrðum fyrirhugaðrar dvalar
3. ☐ þú hefur ekki fært sönnur á nægt framfærslufé, hvorki meðan á fyrirhugaðri dvöl stendur né til þess að snúa aftur til uppruna- eða búsetulands eða til gegnumferðar um þriðja land sem víst þykir að þér verði hleypt inn í
4. ☐ þú hefur ekki fært sönnur á að þú sért í aðstöðu til að útvega nægt framfærslufé á löglegan hátt, hvorki meðan á fyrirhugaðri dvöl stendur né til þess að snúa aftur til uppruna- eða búsetulands eða til gegnumferðar um þriðja land sem víst þykir að þér verði hleypt inn í
5. ☐ þú hefur þegar dvalið í 90 daga á yfirstandandi 180 daga tímabili á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, á grundvelli samræmdrar vegabréfsáritunar eða vegabréfsáritunar með takmarkað gildissvæði
6. ☐ þú hefur verið settur á skrá í Schengen-upplýsingakerfinu (SIS) yfir óæskilega einstaklinga sem synja á um komu af ..... (tilgreinið aðildarríki)
7. ☐ eitt eða fleiri aðildarríki telja þig vera ógn við allsherjarreglu eða innra öryggi
8. ☐ eitt eða fleiri aðildarríki telja þig vera ógn við lýðheilsu, eins og skilgreint er í 21. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/399 (Schengen-landamærareglurnar)
9. ☐ eitt eða fleiri aðildarríki telja þig vera ógn við alþjóðasamskipti sín
10. ☐ upplýsingarnar, sem veittar voru um tilgang og skilyrði fyrirhugaðrar dvalar voru ekki áreiðanlegar
11. ☐ rökstudd ástæða er til að draga í efa að yfirlýsingar varðandi ... (tilgreinið) sé áreiðanlegur
12. ☐ rökstudd ástæða er til að draga í efa áreiðanleika fylgiskjala sem lögð eru fram, þ.e. hvort þau séu ósvikin eða sannleiksgildi efnis þeirra
13. ☐ rökstudd ástæða er til að draga í efa ásetning þinn um að fara frá yfirráðasvæði aðildarríkjanna áður en vegabréfsáritunin rennur út

14. ☐ í röksemdafærslu fyrir því að sækja um vegabréfsáritun á landamærum voru ekki færðar fullnægjandi sönnur á að þú hefðir ekki verið í aðstöðu til að sækja um vegabréfsáritun fyrir fram
15. ☐ ekki voru færð rök fyrir tilgangi og skilyrðum fyrirhugaðrar gegnumferðar um flughöfn
16. ☐ þú hefur ekki fært sönnur á að þú sért handhafi viðeigandi og gildrar ferðasjúkratryggingar
17. ☐ handhafi vegabréfsáritunar fór fram á afturköllun hennar ([2])

Aðrar athugasemdir:

.....

Þér er heimilt að kæra ákvörðun um synjun/ógildingu/afturköllun vegabréfsáritunar.

Reglur um kæru ákvarðana um synjun/ógildingu/afturköllun vegabréfsáritunar er að finna í (tilvísun í landslög):

.....

Lögbært yfirvald sem leggja má fram kæru hjá (samskiptaupplýsingar):

.....

Upplýsingar um ferlið má finna hjá (samskiptaupplýsingar):

.....

Leggja þarf fram kæru innan (tilgreinið tímamörk):

.....

Dagsetning og stimpill sendiráðs/aðalræðisskrifstofu/sendiskrifstofu/yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti með einstaklingum /annarra lögbærra yfirvalda:

Undirskrift hlutaðeigandi einstaklings ([3]): .....

“.

([1]) Ekki er þörf á kennimerki ESB fyrir Noreg, Ísland og Sviss.
([2]) Kæruheimild er ekki fyrir hendi ef um er að ræða afturköllun vegabréfsáritunar á grundvelli þessa.
([3]) Ef þess er krafist samkvæmt landslögum.

VIÐAUKI 7

Sértæk málsmeðferð og skilyrði til að greiða fyrir útgáfu vegabréfsáritana til þeirra sem tilheyra ólympíufjölskyldunni og taka þátt í Ólympíuleikunum og Ólympíuleikum fatlaðra.

I. KAFLI

Markmið og skilgreiningar.

1. gr.

Markmið.

Sú sértæka málsmeðferð og skilyrði sem hér fara á eftir greiða fyrir umsóknum um og útgáfu vegabréfsáritana til þeirra sem tilheyra ólympíufjölskyldunni meðan á Ólympíuleikunum og Ólympíuleikum fatlaðra, sem aðildarríki skipuleggur, stendur.

Um málsmeðferð við umsókn og útgáfu vegabréfsáritana gilda ákvæði reglugerðarinnar eftir því sem við á.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Stofnanir sem bera ábyrgð: í tengslum við þær ráðstafanir, sem eru fyrirhugaðar til að greiða fyrir málsmeðferð við umsóknir og útgáfu vegabréfsáritana fyrir meðlimi ólympíufjölskyldunnar, sem taka þátt í Ólympíuleikunum og/eða Ólympíuleikum fatlaðra, eru þetta þær opinberu stofnanir, með tilliti til ólympíusáttmálans, sem hafa rétt til að leggja fyrir skipulagsnefnd aðildarríkisins, sem heldur Ólympíuleikana og Ólympíuleika fatlaðra, skrá yfir meðlimi ólympíufjölskyldunnar með útgáfu aðgangskorta í huga.

Meðlimur ólympíufjölskyldunnar: einstaklingur sem á aðild að Alþjóðaólympíunefndinni, Alþjóðaólympíunefnd fatlaðra, alþjóðasamtökum, landsnefndum Ólympíuleikanna og Ólympíuleika fatlaðra, skipulagsnefndum Ólympíuleikanna eða landsamtökunum, s.s. íþróttamenn, dómarar, þjálfarar og aðrir íþróttatæknar, hjúkrunarlið, sem starfar með liðum eða einstökum íþróttamönnum eða -konum, svo og blaðamenn með blaðamannapassa, æðstu stjórnendur, gefendur, styrktaraðilar eða aðrir opinberir gestir, sem hafa fallist á að fylgja ólympíusáttmálanum, starfa undir stjórn og yfirumsjón Alþjóðaólympíunefndarinnar, eru á skrám stofnana, sem bera ábyrgð, og skipulagsnefnd ríkisins sem heldur Ólympíuleikana og Ólympíuleika fatlaðra viðurkennir sem þátttakendur á Ólympíuleikunum eða Ólympíuleikum fatlaðra [ártal].

Ólympíuaðgangskort: skipulagsnefnd aðildarríkisins sem heldur Ólympíuleikana og Ólympíuleika fatlaðra gefur út, í samræmi við landslög sín, tvenns konar öryggisskilríki, önnur fyrir Ólympíuleikana og hin fyrir Ólympíuleika fatlaðra, með ljósmynd af handhafa, þar sem fram koma deili á viðkomandi meðlimi ólympíufjölskyldunnar og sem heimilar aðgang að svæðum þar sem keppnir og aðrir áformaðir viðburðir eru haldnir meðan á leikunum stendur.

Meðan á Ólympíuleikunum og Ólympíuleikum fatlaðra stendur: tímabilið meðan Ólympíuleikarnir standa yfir og tímabilið meðan Ólympíuleikar fatlaðra standa yfir.

Skipulagsnefnd aðildarríkisins sem heldur Ólympíuleikana og Ólympíuleika fatlaðra: nefndin sem komið er á fót af aðildarríkinu sem heldur leikana, í samræmi við landslög þess, til að skipuleggja Ólympíuleikana og Ólympíuleika fatlaðra, og tekur ákvörðun um viðurkenningu meðlima ólympíufjölskyldunnar sem taka þátt í þessum leikum.

Stofnanir sem bera ábyrgð á útgáfu vegabréfsáritana: stofnanir sem eru tilnefndar í aðildarríkinu sem heldur Ólympíuleikana og Ólympíuleika fatlaðra til að taka umsóknir til meðferðar og gefa út vegabréfsáritanir til handa meðlimum ólympíufjölskyldunnar.

II. KAFLI
Útgáfa vegabréfsáritana.

3. gr.
Skilyrði.

Einungis er heimilt að gefa út vegabréfsáritun samkvæmt þessari reglugerð ef hlutaðeigandi einstaklingur:

a) hefur verið tilnefndur af einni af þeim stofnunum, sem bera ábyrgð, og er viðurkenndur af skipulagsnefnd aðildarríkisins sem heldur Ólympíuleikana og Ólympíuleika fatlaðra sem þátttakandi í Ólympíuleikunum og/eða Ólympíuleikum fatlaðra,

b) hefur gild ferðaskilríki, sem heimila för yfir ytri landamæri, eins og um getur í 5. gr. reglugerðar um för yfir landamæri nr. 1212/2007,

c) er ekki á skrá yfir óæskilega einstaklinga sem synja á um komu,

d) er ekki talinn vera ógnun við allsherjarreglu, þjóðaröryggi eða alþjóðasamskipti í einhverju aðildarríkjanna.

4. gr.
Að leggja inn umsókn.

Þegar stofnun, sem ber ábyrgð, gerir lista yfir þá sem valdir eru til þátttöku í Ólympíuleikunum og/eða Ólympíuleikum fatlaðra er henni heimilt, einnig að því er varðar umsókn um ólympíuaðgangskort fyrir þá sem valdir eru, að leggja inn hópumsókn um vegabréfsáritanir fyrir þá einstaklinga sem valdir eru og verða að hafa vegabréfsáritun við komu hingað til lands, nema þessir einstaklingar séu handhafar dvalarleyfis sem aðildarríki, Breska konungsríkið eða Írland hefur gefið út, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB frá 29. apríl 2004 um rétt borgara sambandsins og aðstandenda þeirra til frjálsra flutninga og búsetu á yfirráðasvæði aðildarríkjanna.

Hópumsókn um vegabréfsáritanir til handa hlutaðeigandi einstaklingum skulu sendar skipulagsnefnd aðildarríkisins sem heldur Ólympíuleikana og Ólympíuleika fatlaðra, ásamt umsóknum um ólympíuaðgangskort, í samræmi við verklagsreglur sem nefndin setur.

Leggja skal inn sérstaka umsókn um vegabréfsáritun fyrir hvern einstakling sem tekur þátt í Ólympíuleikunum og/eða Ólympíuleikum fatlaðra.

Skipulagsnefnd aðildarríkisins, sem heldur Ólympíuleikana og Ólympíuleika fatlaðra, skal senda hópumsókn um vegabréfsáritanir eins fljótt og auðið er ásamt afritum af umsóknum um ólympíuaðgangskort fyrir viðkomandi einstaklinga þar sem fram kemur fullt nafn þeirra, ríkisfang, kyn, fæðingardagur og -ár og fæðingarstaður og númer, tegund og gildistími ferðaskilríkja þeirra.

5. gr.

Meðferð hópumsókna um vegabréfsáritanir og tegund útgefinna vegabréfsáritana.

Vegabréfsáritunin, sem gefin er út, skal vera samræmd vegabréfsáritun fyrir margar komur og veita heimild til dvalar í þrjá mánuði að hámarki meðan á Ólympíuleikunum og/eða Ólympíuleikum fatlaðra stendur.

Ef hlutaðeigandi meðlimur ólympíufjölskyldunnar uppfyllir ekki skilyrðin, sem sett eru fram í c- og d-lið 3. gr., er heimilt að gefa út vegabréfsáritun með takmarkað gildissvæði í samræmi við 25. gr.

þessarar reglugerðar.

6. gr.

Form vegabréfsáritunarinnar.

Vegabréfsáritunin skal vera í formi tveggja númera sem sett eru í ólympíuaðgangskortið. Fyrra númerið skal vera númer vegabréfsáritunarinnar. Að því er varðar samræmda vegabréfsáritun skulu vera sjö (7) rittákn í númerinu sem samanstendur af bókstafnum „C“ og þar á eftir koma sex (6) tölustafir. Að því er varðar vegabréfsáritun með takmarkað gildissvæði skulu vera átta (8) rittákn í númerinu sem samanstendur af bókstöfunum „XX“ og þar á eftir koma sex (6) tölustafir ([1]). Seinna númerið skal vera númer ferðaskilríkja viðkomandi einstaklings.

Stofnanirnar, sem bera ábyrgð á útgáfu vegabréfsáritana, skulu senda skipulagsnefnd aðildarríkisins sem heldur Ólympíuleikana og Ólympíuleika fatlaðra númer vegabréfsáritananna vegna útgáfu ólympíuaðgangskorta.

([1]) Tilvísun til ISO-kóða skipulagsaðildarríkisins.

7. gr.

Niðurfelling gjaldtöku.

Ekki skal taka gjald fyrir meðferð umsókna og útgáfu vegabréfsáritana.

VIÐAUKI 8

Skylda til þess að hafa vegabréfsáritun við komu til Íslands.

I. Ríkisborgurum eftirtalinna ríkja ber skylda til þess að hafa vegabréfsáritun við komu til Íslands:

Afganistan	Alsír	Angóla
Armenía	Aserbaídsjan	Bangladess
Barein	Belís	Benín
Botsvana	Bólivía	Búrkína Fasó
Búrúndí	Bútan	Djíbútí
Dóminíska lýðveldið	Egyptaland	Ekvador
Erítrea	Eþíópía	Filippseyjar
Fídjieyjar	Fílabeinsströndin	Gabon
Gambía	Gana	Gínea
Gínea-Bissá	Grænhöfðaeyjar	Gvæjana
Haítí	Hvíta-Rússland	Indland (nema handhafar diplómatavegabréfa)
Indónesía	Írak	Íran
Jamaíka	Jemen	Jórdanía
Kambódía	Kamerún	Kasakstan
Katar	Kenía	Kirgisistan
Kína (nema handhafar diplómatavegabréfa)	Kongó	
Kómoreyjar	Kúba	Kúveit
Laos	Lesótó	Líbanon
Líbería	Líbía	Lýðveldið Kongó
Madagaskar	Malaví	Maldíveyjar
Malí	Marokkó	Máritanía
Mið-Afríkulýðveldið	Miðbaugs-Gínea	Mjanmar (Búrma)
Mongólía	Mósambík	Namibía
Nepal	Níger	Nígería
Norður-Kórea	Óman	Pakistan
Palestína	Papúa Nýja-Gínea	Rúanda

Rússland	Sambía	Saó Tóme og Prinsípe
Sádi-Arabía	Senegal	Simbabve
Síerra Leóne	Sómalía	Sri Lanka
Suður Súdan	Suður Afríka (nema handhafar diplómata- og þjónustuvegabréfa)	Súdan
Súrínam	Svasíland	Sýrland
Tadsjikistan	Taíland	Tansanía
Tógó	Tsjad	Túnís
Túrkmenistan	Tyrkland (nema handhafar diplómata-, þjónustu- og opinberra vegabréfa)	Úganda
Úsbekistan	Vanúatú	Víetnam

II. Eftirtöldum, handhöfum gildra ferðaskilríkja, ber skylda til þess að hafa vegabréfsáritun við komu til landsins:

1. Handhöfum ferðaskilríkja sem gefin eru út af Taívan og innihalda ekki númer á persónuskilríki.

VIÐAUKI 9

Undanþága frá skyldu til að hafa vegabréfsáritun við komu til Íslands.

I. Ríkisborgarar eftirtalinna ríkja eru undanþegnir skyldu til að hafa vegabréfsáritun við komu til landsins.

Albanía (aðeins handhafar vegabréfa með lífkennum)	Andorra	Antígúa og Barbúda
Argentína	Austurríki	Ástralía
Bahamaeyjar	Bandaríkin	Barbados
Belgía	Bosnía og Hersegóvína (aðeins handhafar vegabréfa með lífkennum)	Brasilía
Brúnei	Búlgaría	Danmörk
Dóminíka	Eistland	El Salvador
Finnland	Frakkland	Georgía (aðeins handhafar vegabréfa með lífkennum)
Grenada	Grikkland	Gvatemala
Holland	Hondúras	Hong Kong (aðeins handhafar HKSAR vegabréfa)
Írland	Ísrael	Ítalía
Japan	Kanada	Kíribatí
Kosta Ríka	Kólumbía	Kósovó
Króatía	Kýpur	Lettland
Liechtenstein	Litháen	Lúxemborg
Makaó (aðeins handhafar MACAOSAR vegabréfa)	Norður-Makedónía	Malasía
Malta	Marshalleyjar	Máritíus
Mexíkó	Míkronesía	Moldóva (aðeins handhafar vegabréfa með lífkennum)
Mónakó	Nárú	Níkaragva
Noregur	Nýja-Sjáland	Palá
Panama	Paragvæ	Perú
Portúgal	Pólland	Rúmenía
Salómonseyjar	Sameinuðu arabísku furstadæmin	Samóa
San Marínó	Sankti Kristófer og Nevis	Sankti Lúsía
Sankti Vinsent og Grenadíneyjar	Serbía (aðeins handhafar vegabréfa með lífkennum)	Seychelleseyjar
Singapúr	Síle	Slóvakía
Slóvenía	Spánn	Stóra-Bretland, þ.m.t. handhafar vegabréfa fyrir (Overseas), (BOTC), (BOC), (BPP) og (BS)

Suður-Kórea	Svartfjallaland (aðeins handhafar vegabréfa með lífkennum)	Sviss
Svíþjóð	Tékkland	Austur-Tímor
Tonga		
Trínidad og Tóbagó	Túvalú	Ungverjaland
Úkraína (aðeins handhafar vegabréfa með lífkennum)	Úrúgvæ	Vatíkanið
Venesúela	Þýskaland	

II. Eftirtaldir, handhafar gildra ferða- og/eða persónuskilríkja, eru undanþegnir áritunarskyldu við komu til landsins:

1. Viðurkenndir flóttamenn og þeir sem eru án ríkisfangs, sem búsettir eru í ríki sem er aðili að Evrópusambandinu og/eða Schengen-samstarfinu og eru handhafar ferðaskilríkja sem gefin eru út af því ríki.

2. Handhafar áhafnaskírteina flugáhafna, sem gefin eru út af þar til bæru yfirvaldi í aðildarríki að Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) ef handhafar þess sýna fram á að þeir séu skráðir í áhöfn loftfars sem er á Íslandi.

3. Handhafar NATO „Travel Order – Ordre de Mission OTAN“ (fyrir starfsmenn NATO sem hafa stöðu hermanna), enda hafi handhafi herkennivottorð og sérstök eða sameiginleg ferðafyrirmæli

NATO.

4. Handhafar „Leave order“ NATO, enda hafi þeir herkennivottorð og gilda ferðaheimild til Íslands. Skilríkið veitir heimild til dvalar á Íslandi í allt að 90 daga.

5. Handhafar ferðabréfa (laissez-passer) Sameinuðu þjóðanna fyrir starfsmenn Sameinuðu þjóðanna, sérstofnana Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, ef þeir eru á ferðalagi í þágu framangreindra stofnana og framvísa jafnframt ferðabréfi, yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna eða þeirrar stofnunar sem þeir starfa hjá, um að þeir séu að reka erindi Sameinuðu þjóðanna eða viðkomandi stofnunar.

6. Handhafar gildra ferðavegabréfa (Ausweis, Laissez-passer, Lascia-passare) sem gefin eru út af Evrópusambandinu.

7. Handhafar diplómatavegabréfa, opinberra vegabréfa og þjónustuvegabréfa frá Tyrklandi, handhafar diplómatískra vegabréfa og þjónustuvegabréfa frá Indlandi, Pakistan og Suður-Afríku og handhafar diplómatískra vegabréfa frá Kína.

8. Handhafar danskra, finnskra, norskra eða sænskra útlendingavegabréfa ef í vegabréfinu er heimild til endurkomu til þess ríkis sem gaf það út.

9. Ríkisfangslausir og flóttamenn yngri en 21 árs sem eru skráðir í hópvegabréf sem gefið er út í samræmi við Evrópusamning um ferðalög æskufólks á sameiginlegum vegabréfum frá 16. desember 1961 og dveljast löglega í útgáfuríkinu.

10. Handhafar gildra og viðurkenndra dvalarleyfa sem gefin eru út af íslenskum yfirvöldum eða yfirvöldum í öðru ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu.

11. Sjómenn í landgönguleyfi þegar skip sem þeir eru áhafnarmeðlimir á er í íslenskri höfn eða í gegnumferð, í þeim tilgangi að hefja störf eða ljúka störfum á skipi í íslenskri höfn eða höfn í öðru Schengen-ríki, að því tilskildu að þeir séu handhafar gildra persónuskilríkja sjómanna sem gefin eru út af stjórnvöldum í ríki sem er aðili að samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) nr. 108 og/eða 185.

12. Skólanemendur, sem þurfa að hafa vegabréfsáritun til að mega koma til landsins en búsettir eru í Evrópusambandsríki sem beitir Evrópuráðsákvörðun 94/795/JHA frá 30. nóvember 1994, þegar þeir eru á skólaferðalagi með kennara frá skólanum.

13. Handhafar ferðaskilríkja sem gefin eru út af Taívan og innihalda númer á persónuskilríki.

14. Handhafar vegabréfa sem gefin eru út af serbnesku samræmingarskrifstofunni [á serbnesku: *Koordinaciona uprava*] til ríkisborgara Serbíu sem búsettir eru í Kósovó.

VIÐAUKI 10

Ríki og staðir þar sem sækja má um vegabréfsáritun til Íslands.

Á sendiskrifstofum Íslands, Danmerkur og Noregs má fá útgefnar vegabréfsáritanir sem veita rétt til dvalar í allt að 90 daga fyrir þá sem eru vegabréfsáritanaskyldir og hefur verið veitt dvalar- og/eða atvinnuleyfi á Íslandi.

Ríki	Borg	Sendistofnun
Alsír	Algiers	Sendiráð Noregs
Argentína	Buenos Aires	Sendiráð Noregs
Armenía	Jerevan	Sendiráð Frakklands
Aserbaídsjan	Bakú	Sendiráð Noregs
Ástralía	Sydney	Aðalræðisskrifstofa Danmerkur
Ástralía	Canberra	Sendiráð Noregs
Bandaríkin	Chicago	VFS Global f.h. Ísl. sendiráðsins
Bandaríkin	New York	VFS Global f.h. Ísl. sendiráðsins
Bandaríkin	Houston	VFS Global f.h. Ísl. sendiráðsins
Bandaríkin	San Fransisco	VFS Global f.h. Ísl. sendiráðsins
Bandaríkin	Washington	VFS Global f.h. Ísl. sendiráðsins
Bangladess	Dakka	Sendiráð Svíþjóðar
Barein	Manama	Sendiráð Þýskalands
Bólivía	La Paz	VFS Global f.h. sænska sendiráðsins í Bogotá
Brasilía	Rio de Janeiro	Aðalræðisskrifstofa Noregs
Bretland	London	Sendiráð Íslands í London
Bretland	Manchester	Sendiráð Íslands í London
Bretland	Edinborg	Sendiráð Íslands í London
Búlgaría	Sofía	Sendiráð Danmerkur
Búrkína Fasó	Ouagadougou	Sendiráð Danmerkur
Curacao	Willemstad	Skrifstofa landstjóra
Dóminíska lýðveldið	Santo Domingo	Sendiráð Frakklands
Egyptaland	Kaíró	Sendiráð Danmerkur
Ekvador	Quito	VFS Global f.h. sænska sendiráðsins í Bogotá
Eþíópía	Addis Ababa	Sendiráð Danmerkur
Filippseyjar	Manila	Sendiráð Noregs
Fílabeinsströndin	Abidjan	Sendiráð Frakklands
Georgía	Tíblisi	Sendiráð Frakklands
Gana	Akkra	Sendiráð Danmerkur
Gínea-Bissá	Bissá	Sendiráð Portúgals
Grænhöfðaeyjar	Praía	Sendiráð Portúgals
Gvatemala	Gvatemalaborg	Sendiráð Svíþjóðar
Haítí	Port-au-Prince	Sendiráð Frakklands
Hvíta-Rússland	Minsk	Sendiráð Frakklands
Indland	Nýja-Delí	VFS Global f.h. Ísl. sendiráðsins
Indland	Ahmedabad	VFS Global f.h. Ísl. sendiráðsins
Indland	Chandigarh	VFS Global f.h. Ísl. sendiráðsins
Indland	Bengaluru	VFS Global f.h. Ísl. sendiráðsins
Indland	Cochin	VFS Global f.h. Ísl. sendiráðsins
Indland	Goa	VFS Global f.h. Ísl. sendiráðsins
Indland	Pune	VFS Global f.h. Ísl. sendiráðsins

Ríki	Borg	Sendistofnun
Indland	Chennai	VFS Global f.h. Ísl. sendiráðsins
Indland	Kolkata	VFS Global f.h. Ísl. sendiráðsins
Indland	Mumbai	VFS Global f.h. Ísl. sendiráðsins
Indónesía	Djakarta	Sendiráð Danmerkur
Íran	Teheran	Sendiráð Danmerkur
Írland	Dublin	Sendiráð Danmerkur
Ísrael	Tel Avív	Sendiráð Danmerkur

Jamaíka	Kingston	Sendiráð Þýskalands
Japan	Tókýó	Sendiráð Danmerkur
Jórdanía	Amman	Sendiráð Noregs
Kambódía	Phnom Penh	Sendiráð Frakklands
Kamerún	Douala	Sendiráð Frakklands
Kanada	Ottawa	Sendiráð Danmerkur
Kasakstan	Almaty	Sendiráð Litháen
Kasakstan	Astana	VFS Global f.h. Sendiráð Litháen
Katar	Doha	Sendiráð Frakklands
Kenía	Naíróbí	Sendiráð Danmerkur
Kína	Guangzhou	Aðalræðisskrifstofa Danmerkur
Kína	Shenzhen	Aðalræðisskrifstofa Danmerkur
Kína	Hong Kong	Aðalræðisskrifstofa Finnlands
Kína	Hangzhou	VFS Global f.h. Ísl. sendiráðsins
Kína	Xi‘an	VFS Global f.h. Ísl. sendiráðsins
Kína	Wuhan	VFS Global f.h. Ísl. sendiráðsins
Kína	Chongqing	VFS Global f.h. Ísl. sendiráðsins
Kína	Chengdu	VFS Global f.h. Ísl. sendiráðsins
Kína	Fuzhou	VFS Global f.h. Ísl. sendiráðsins
Kína	Nanjing	VFS Global f.h. Ísl. sendiráðsins
Kína	Shanghai	Aðalræðisskrifstofa Danmerkur
Kína	Peking	VFS Global f.h. Ísl. sendiráðsins
Kólumbía	Bógóta	Sendiráð Svíþjóðar
Kúveit	Kúveit	Sendiráð Þýskalands
Kúba	Havana	Sendiráð Svíþjóðar
Kýpur	Nikósía	Sendiráð Þýskalands
Líbanon	Beirút	Sendiráð Noregs
Lýðveldið Kongó	Brazzaville	Sendiráð Frakklands
Madagaskar	Antananarivo	Sendiráð Frakklands
Malasía	Kúala Lúmpúr	VFS Global f.h. Sendiráð Íslands í Nýju Delhí
Malaví	Lílongve	Sendiráð Noregs
Malí	Bamako	Sendiráð Danmerkur
Marokkó	Rabat	Sendiráð Svíþjóðar
Máritanía	Nouakchott	Sendiráð Frakklands
Máritíus	Port Louis	Sendiráð Frakklands
Mexíkó	Mexíkóborg	Sendiráð Danmerkur
Mjanmar	Rangoon	Sendiráð Þýskalands
Mongólía	Úlan Bator	Sendiráð Þýskalands

Ríki	**Borg**	**Sendistofnun**
Mósambík	Mapútó	Sendiráð Finnlands
Namibía	Windhoek	Sendiráð Finnlands
Nepal	Katmandú	VFS Global f.h. norska sendiráðsins.
Níger	Níamey	Sendiráð Frakklands
Nígería	Abuja	VFS Global f.h. sendiráðs Noregs í Akkra
Norður-Kórea	Pjongjang	Sendiráð Svíþjóðar
Norður-Makedónía	Skopje	Sendiráð Frakklands
Óman	Múskat	Sendiráð Þýskalands
Pakistan	Islamabad	Sendiráð Danmerkur
Palestína	Ramallah	Svæðisskrifstofa Danmerkur
Papúa Nýja-Gínea	Port Morseby	Sendiráð Frakklands

Perú	Líma	Sendiráð Finnlands
Rúmenía	Búkarest	Sendiráð Danmerkur
Rússland	Arkhangelsk	VFS Global f.h. aðalræðisskrifstofu Finnlands
Rússland	Kalíníngrad	Aðalræðisskrifstofa Litháens
Rússland	Moskva	Sendiráð Íslands
Rússland	Múrmansk	Aðalræðisskrifstofa Finnlands
Rússland	St. Pétursborg	VFS Global f.h. sendiráðs Íslands
Sambía	Lusaka	Sendiráð Svíþjóðar
Sameinuðu arabísku furstadæmin	Abu Dhabi	Sendiráð Noregs
Sameinuðu arabísku furstadæmin	Dubai	Aðalræðisskrifstofa Danmerkur
Saó Tóme og Prinsípe	Saó Tóme	Sendiráð Portúgals
Sádi-Arabía	Riyadh	Sendiráð Danmerkur
Senegal	Dakar	Sendiráð Frakklands
Serbía	Belgrad	Sendiráð Danmerkur
Simbabve	Harare	Sendiráð Frakklands
Singapúr	Singapúr	Sendiráð Danmerkur
Síle	Santiago	Sendiráð Sviþjóðar
Srí Lanka	Kólombó	Sendiráð Noregs
Suður-Afríka	Pretoría	Sendiráð Danmerkur
Suður-Kórea	Seúl	Sendiráð Svíþjóðar
Taíland	Bangkok	Sendiráð Danmerkur
Taívan	Taipei	Viðskiptaráð Danmerkur
Tansanía	Dar es Salaam	Sendiráð Svíþjóðar
Austur-Tímor	Dili	Sendiráð Portúgals
Tógó	Lomé	Sendiráð Frakklands
Trínidad og Tóbagó	Port-of-Spain	Sendiráð Hollands
Tsjad	N´Djamena	Sendiráð Frakklands
Túnis	Túnis	Sendiráð Finnlands
Tyrkland	Ankara	Sendiráð Danmerkur
Úganda	Kampala	Sendiráð Noregs
Úkraína	Kíev	VFS Global f.h. sendiráðs Noregs í Ankara
Úsbekistan	Taskent	Sendiráð Frakklands
Víetnam	Hanoí	Sendiráð Danmerkur
Víetnam	Ho-Chi-Minh	Sendiráð Danmerkur

VIÐAUKI 11

Skrá yfir lágmarkskröfur er settar skulu fram í löggerningi vegna samstarfs við utanaðkomandi þjónustuaðila.

A. Í löggerningnum skal:

a. telja upp þau verkefni sem viðkomandi utanaðkomandi þjónustuaðili skal hafa með höndum í samræmi við 6. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) um vegabréfsáritanir nr. 810/2009,

b. tilgreina þá staði þar sem viðkomandi utanaðkomandi þjónustuaðili mun starfa og undir hvaða ræðisskrifstofu viðkomandi umsóknarmiðstöð heyrir,

c. telja upp þá þjónustu sem innifalin er í skyldubundna þjónustugjaldinu,

d. gefa viðkomandi utanaðkomandi þjónustuaðila fyrirmæli um að upplýsa almenning með skýrum hætti um það að önnur gjöld séu fyrir valkvæða þjónustu.

B. Að því er varðar gagnavernd skal viðkomandi utanaðkomandi þjónustuaðili, þegar hann vinnur verkefni sín:
   a. koma í veg fyrir það öllum stundum að þeir sem ekki hafa til þess heimild geti lesið, afritað, breytt eða eytt gögnum, einkum meðan verið er að senda þau til ræðisskrifstofu aðildarríkisins eða -ríkjanna sem bera ábyrgð á meðferð umsóknar,
   b. senda gögn, í samræmi við fyrirmæli hlutaðeigandi aðildarríkis eða -ríkja:
      – rafrænt, dulkóðuð eða
      – með öruggum hætti með aðila sem flytur þau í eigin persónu,
   c. senda gögn eins fljótt og hægt er:
      – þegar um er að ræða gögn sem aðili flytur í eigin persónu, a.m.k. einu sinni í viku,
      – þegar um er að ræða dulkóðuð gögn sem send eru rafrænt, í síðasta lagi í lok þess dags þegar þeim er safnað,
   d. sjá til þess að fyrir hendi sé viðeigandi fyrirkomulag til að rekja sérhverja umsóknarskrá til og frá ræðisskrifstofunni,
   e. eyða gögnunum í síðasta lagi sjö dögum eftir sendingu þeirra og tryggja að einu gögnin, sem geymd eru, séu nafn umsækjanda og samskiptaupplýsingar hans til þess að unnt sé að ná í hann vegna pöntunar viðtalstíma, auk vegabréfsnúmers þar til umsækjandi fær vegabréf sitt til baka, og þeim eytt fimm dögum eftir það,
   f. tryggja að gerðar séu allar tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að vernda persónuupplýsingar gegn því að þeim sé eytt fyrir slysni eða á ólögmætan hátt, að þær tapist fyrir slysni, þeim sé breytt, þær séu birtar óleyfilega eða að óheimill aðgangur fáist að þeim, einkum þar sem samstarfið felur í sér sendingu skráa og gagna til ræðisskrifstofu hlutaðeigandi aðildarríkis eða -ríkja, sem og gegn allri annarri ólögmætri vinnslu persónuupplýsinga,
   g. einungis vinna gögn í því augnamiði að vinna persónuupplýsingar umsækjenda fyrir hönd hlutaðeigandi aðildarríkis eða -ríkja,
   h. beita reglum um persónuvernd er jafngilda a.m.k. þeim sem settir eru fram í reglugerð (ESB)2016/679,
   i. veita umsækjendum tilskildar upplýsingar skv. 37. gr. VIS-reglugerðarinnar.

C. Að því er varðar framgöngu starfsfólks skal viðkomandi utanaðkomandi þjónustuaðili, þegar hann vinnur verkefni sín:
   a. tryggja að starfsfólk hans hafi fengið viðeigandi þjálfun,
   b. tryggja að við skyldustörf sín gæti starfsfólk að því að:
      – taka á móti umsækjendum af háttvísi,
      – virða mannlega reisn og friðhelgi umsækjenda, mismuna ekki einstaklingum á grundvelli kynferðis, kynþáttar eða þjóðernislegs uppruna, trúarbragða eða skoðana, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar og
      – virða reglur um trúnað. Þessar reglur skulu gilda áfram eftir að starfsmaður hefur látið af störfum eða eftir að gildi löggerningsins hefur verið frestað eða hann felldur niður,
   c. sjá til þess að starfsfólk, sem vinnur hjá fyrirtækinu, beri auðkenni öllum stundum,
   d. sanna að starfsfólk sé ekki á sakaskrá og að það búi yfir tilskilinni sérfræðikunnáttu.

D. Að því er varðar eftirlit með framkvæmd verkefna sinna skal viðkomandi utanaðkomandi þjónustuaðili:
   a. sjá til þess að starfsfólk hlutaðeigandi aðildarríkis eða -ríkja með tilskilda heimild hafi ávallt aðgang að starfsstöðvum hans án þess að tilkynna um það fyrir fram, einkum vegna eftirlits,
   b. tryggja möguleika á fjaraðgangi að viðtalstímapöntunarkerfi sínu vegna eftirlits,
   c. tryggja að notaðar séu viðeigandi vöktunaraðferðir (t.d. prófunarumsækjendur og vefmyndavélar),
   d. tryggja aðgang eftirlitsyfirvalds aðildarríkisins á sviði persónuverndar að sönnunum á því að farið sé að reglum um persónuvernd, t.d. með kvöð um skýrslugjöf, endurskoðunum utanaðkomandi aðila og reglulegum skyndikönnunum,
   e. tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki eða -ríkjum skriflega án tafar um hvers konar brot á öryggisreglum eða kvartanir frá umsækjendum vegna misnotkunar á gögnum eða aðgangs án heimildar og hafa samráð við hlutaðeigandi aðildarríki, eitt eða fleiri, um að finna lausn og gefa umsækjendunum, sem kvarta, tafarlaust svör til útskýringar.

E. Að því er varðar almennar kröfur skal viðkomandi utanaðkomandi þjónustuaðili:

a. starfa samkvæmt fyrirmælum aðildarríkisins eða -ríkjanna sem bera ábyrgð á meðferð umsóknar,

b. gera viðeigandi ráðstafanir gegn spillingu (t.d. með viðunandi launagreiðslum starfsmanna, með samstarfi um val á starfsfólki sem ráðið er til verkefnisins, tveggja manna reglunni (e. two-man rule) og skiptireglunni (e. rotation principle)),

c. virða ákvæði löggerningsins til fulls en hann skal geyma ákvæði um frestun á gildi hans eða niðurfellingu, einkum ef um brot á settum reglum er að ræða, sem og endurskoðunarákvæði til að tryggja að löggerningurinn endurspegli bestu starfsvenjur.

Fyrirvari
Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.
Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.